



ÞINGGERÐ
45. ÁRSPINGS

sem haldið var í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli

28. og 29. október 1994



Pinggerð

45. ársþings Landssambands hestamanna 1994

45. ársþing L.H. var haldið í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli dagana 28.-29. október 1994.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti þingið kl. 10:00 með stuttri ræðu og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Þingforsetar voru kjörnir þeir **Fannar Jónasson** og **Eggert Pálsson**.

Formaður minntist þriggja félaga sem látist hafa frá síðasta ársþingi, þeirra Höskuldar Eyjólfssonar og Friðgeirs Friðjónssonar, Faxe og Jóns Bjarnasonar, Sleipni. Þingheimur vottaði hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Ávörp gesta.

Helga Þorsteinsdóttir oddviti Hvolhrepps ávarpaði þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna í stuttri ræðu.

Tryggvi Ingólfsson formaður héraðsnefndar Rangæinga ávarpaði samkomuna og lýsti hann nokkuð félagsstörfum í Rangárþingi. Þá afhenti hann fomanni L.H. Guðmundi Jónssyni fána héraðsins

Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri Landbúnaðarráðuneytisins flutti kveðju ráðherra og lýsti hann störfum ríkisvaldsins í þágu hestamanna og hrossabænda. Í máli hans kom m.a. fram að unnið hefur verið að málefnum Stóðhestastöðvar ríkisins, einnig að löggjöf um útflutning hrossa, unnið hefur verið að löggjöf um aðbúnað hrossa og uppbyggingu Hólaskóla, þar sem aðaláherslan er lögð á hrossarækt, reiðmennsku og hestahald almennt.

Þá lýsti Sveinbjörn mikilvægi þess fyrir hestamenn að hafa öflug heildarsamtök og árnaði hann L.H. allra heilla.

Jón Helgason formaður Búnaðarfélags Íslands ávarpaði þingið og óskaði hann hestamönnum til hamingju með góðan árangur á liðnu ári. Hann lýsti góðum árangri í ræktunarstarfi og reiðmennsku en einnig varaði hann hestamenn við þeirri hættu sem landinu stafar af auknum hrossafjölda. Þá lýsti hann vaxandi áhuga á íslenska hestinum erlendis.

Heiðursfélagar:

Guðmundur Jónsson formaður L.H. sæmdi eftirtalda gullmerki L.H.

Guðmund Jónsson, Höfn Hornafirði, hestamannafélaginu Hornfirðingi.

Jón Hallsson, Búðardal, hestamannafélaginu Glað.

Jón Sigurðsson, Skollagróf, hestamannafélaginu Smára.

Þessir heiðursmenn þökkðu fyrir sig með nokkrum orðum. Jón Sigurðsson þakkaði með eftirfarandi stöku:

Hrossastússið helst ég kaus
hugann síst mun бага.
Ekki vil ég ístaðslaus
eiga marga daga.

Ritarar voru kjörnir:

Yfirritari: Oddur Már Gunnarsson, Sleipni
Ritarar: Sigríður Hermannsdóttir, Neista
 Jón Vilmundarson, Smára
 Guðlaug Hermannsdóttir, Létti

Kjörbréfanefnd:

Birgir Rafn Gunnarsson, Fáki, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Andvara og Sigrún Sigurðardóttir, Gusti voru í nefndinni. Birgir Rafn skilaði álitni nefndarinnar. 127 fulltrúar frá 49 félögum áttu rétt til setu á þinginu. Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

Andvari: Sigurður Ragnarsson, Halldór Halldórsson, Elísabet Þóra Þórólfsdóttir, Jóhann Mátsson.
Blakkur: Guðbrandur Björnsson.
Dreyri: Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Svandís Stefánsdóttir.
Faxi: Jón Eyjólfsson, Jón Halldórsson, Skúli Kristjánsson, Ólöf Guðbrandsdóttir.
Fákur: Viðar Halldórsson, Haraldur Haraldsson, Sveinn Fjeldsted, Guðmundur Ólafsson, Bragi Ásgeirsson, Sigurbjörn Bárðarson, Kári Arnórsson, Hjörtur Bergstað, Kristján Auðunsson, Guðbrandur Kjartansson, Guðbjörg Egilsdóttir, Stefán Pálsson, Jóhanna Arngrímsdóttir, Birgir Rafn Gunnarsson.
Feykir: Halldór Gunnarsson.
Freyfaxi: Guðmundur Þorleifsson, Ármann Magnússon.
Funi: Þorsteinn Egilsson, Þór Hjaltason.
Geisli: Pétur Behrens.
Geysir: Haukur G. Kristjánsson, Þorbergur Albertsson, Valmundur Gíslason, Árni Jóhannsson, Sigurgeir Bárðarson, Þorvaldur Ágústsson, Guðjón Sigurðsson.
Glaður: Grettir B. Guðmundsson, Marteinn Valdimarsson.
Glæsir: Hreinn Júlíusson.
Gnýfari: Tryggvi Jónsson.
Grani: Ingólfur H. Arnarson.
Gustur: Hallgrímur Jónasson, Sigrún Sigurðardóttir, Ásgeir Guðmundsson, Sævar Kristjánsson, Bjarni Sigurðsson, Jón Gísli Þorkelsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson.
Háfeti: Rafnar Jensson.
Hending: Sigríður Jónsdóttir.
Hornfirðingur: Ingófur Vopni Ingvasson, Óli Óskarsson.
Hringur: Kolbrún Kristjánsdóttir.
Hörður: Rúnar Sigurpálsson, Pétur Jökull Hákonarson, Hreinn Ólafsson, Sigurbór Gíslason, Sveinbjörn Eyjólfsson, Júlíus Brjánsson.
Kinnskær: Halldór Gunnarsson.
Kópur: Sigurður Kristinsson, Gísli Kjartansson.
Léttfeti: Sveinn Guðmundsson, Friðrik Guðmundsson, Stefán Reynisson.

Léttir:	Sigfús Helgason, Garðar Lárusson, Sigrún Brynjarsdóttir, Sigurður S. Ingólfsson, Guðlaug Hermannsdóttir.
Ljúfur:	Halldór Guðmundsson, Eiríkur G. Helgason.
Logi:	Ólafur Einarsson, Kristinn Antonsson.
Máni:	Vilberg Skúlason, Brynjar Vilmundarson.
Neisti:	Kjartan Ólafsson, Sigríður Hermannsdóttir.
Óðinn:	Guðmundur Valtýsson.
Sindri:	Jón Þorsteinsson, Guðný Sigurðardóttir.
Skuggi:	Þorsteinn Eypórsson, Þórður Bachmann, Ámundi Sigurðsson.
Sleipnir:	Haraldur Þórarinnsson, Ólafur Ólafsson, Hulda Brynjólfssdóttir, Hrafnkell Guðnason, Oddur Már Gunnarsson.
Smári:	Gunnar Örn Marteinsson, Haraldur Sveinsson, Sigurður Páll Ásólfsson, Jón Vilmundarson.
Snæfaxi:	Skúli Ragnarsson.
Snæfellingur:	Sólrún Júlíusdóttir, Sæmundur Kristjánsson, Hallur Pálsson.
Sóti:	Ársæll Gunnarsson, Kjartan Antonsson.
Stígandi:	Páll Dagbjartsson, Agnar Gunnarsson, Jón Gunnlaugsson.
Stormur:	Jón Guðni Guðmundsson.
Svaði:	Símon I. Gestsson, Pálmi Rögnvaldsson.
Sörli:	Sigurður E. Ævarsson, Elín G. Magnúsdóttir, Ágúst V. Oddsson, Sævar Leifsson, Guðmundur Tryggvason.
Trausti:	Sigurður Sigurðsson, Snorri Dal.
Þjálf:	Snorri Kristjánsson, Gísli Haraldsson.
Práinn:	Jóhann Svanur Stefánsson.
Þytur:	Ingvar Jón Jóhannsson, Guðmundur Sigurðsson.
Félag tamningam.:	Trausti Þór Guðmundsson, Eyjólfur Ísólfsson, Ólafur H. Einarsson.
Dómarafélag L.H.:	Þormar Ingimarsson.

Auk framangreindra sátu þingið:

Stjórnarmenn L.H. þeir:	Guðmundur Jónsson formaður, Guðbrandur Kjartansson varaformaður (þingf) Halldór Gunnarsson ritari (þingf) Sigfús Guðmundsson gjaldkeri Jón Bergsson meðstjórnandi Sigbjörn Björnsson meðstjórnandi Kristmundur Halldórsson meðstjórnandi.
--------------------------------	---

Starfsmenn skrifstofu:	Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri Ingibjörg Magnúsdóttir.
-------------------------------	--

Hrossaræktarráðunautur B.Í.: Þorkell Bjarnason

Formaður HÍS: Jón Albert Sigurbjörnsson

Ráðuneytisstjóri Landbúnaðarráðuneytisins Sveinbjörn Dagfinnson,
formaður Búnaðarfélags Íslands Jón Helgason, auk allmargra gesta.

Skýrsla stjórnar:

Guðmundur Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Sjá ársskýrslu stjórnar L.H. starfsárið 1993-1994. Var skýrslan ítarleg og gaf glögga mynd af miklu starfi samtakanna. Skýrslan skiptist í eftirfarandi efniskafla.:

Stjórn L.H. 1993-1994.

Skrifstofa L.H. og verkefni.

Tillögur og ályktanir 44. ársþings og störf starfsnefnda L.H. árið 1994.

Tímaritið Hesturinn okkar.

Áfangar, ný bók um reiðleiðalýsingar.

Mótadagar félaganna.

Reiðvegafé.

Áningarhólfasjóður.

Skógarhólar.

Þjóðhátíð á Þingvöllum 17. júní og hópreið hestamanna.

Landsmót hestamanna.

Frá lyfjanefnd L.H. og HÍS.

Frá Dómarafélaginu.

Skýrsla æskulýðsnefndar L.H. og HÍS.

Skýrsla æskulýðsfulltrúa.

Reiðvegaáætlun, starfsskýrsla.

Reiðvegamál og tengd verkefni.

Landnýting og ímynd hestamennskunnar.

Skýrsla frá skipuritsnefnd.

Fagráð í hrossarækt.

Heimsóknir til félaga.

Helstu viðburðir ársins.

Erlend samskipti

Skýrsla frá Kristni Hugasyni hrossaræktarráðunaut.

Ársreikningar L.H. 1993.

Að lokinni skýrslu formanns L.H. tók **Sigfús Guðmundsson gjaldkeri L.H.** til máls. Hann las upp og skýrði reikninga L.H. fyrir árið 1993. Tekjur alls reyndust kr. 8.475.004 og gjöld kr. 8.166.683. Hagnaður varð því af rekstrinum kr. 308.321.

Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og L. H. og reikninga. Til máls tóku eftirtaldir:

Stefán Pálsson, Fáki, þakkaði skýrslu stjórnar, Hann ræddi um málefni Hestsins okkar og gerði fyrirspurnir þar að lútandi.

Halldór Guðmundsson, Ljúfi, þakkaði skýrslu stjórnar. Hann spurði um styrki frá ríkissjóði og einnig spurðist hann fyrir um í hverju fyrirfram greiddur kostnaður og viðskiptakröfur lægju. Þá ræddi Halldór um lyfjapróf og kostnað við lyfjapróf.

Kári Arnórsson, Fáki, þakkaði stjórn fyrir störf sín. Þá ræddi hann um málefni Hestsins okkar og skýrði hann nokkuð tildrög þess samnings sem gerður var við Nýtt líf á sínum tíma. Kári ræddi einnig um styrk frá ríkinu vegna unglingastarfs og þakkaði hann formanni það, að þessi styrkur er enn í gildi.

Guðrún Hermannsdóttir, Létti, spurði um rekstur Skógarhóla.

Sigfús Guðmundsson, gjaldkeri, svaraði framkomnum spurningum varðandi reikninga.

Þá tók **Guðmundur Jónsson, formaður**, til máls og skýrði hann frá ríkisstyrk og hvernig greiðslur hefðu dreifst á milli ára.

Þá voru ársreikningar bornir upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

Matarhlé var gefið kl. 12.15 og fundi frestað til 13.30.

Fundi fram haldið kl. 13.30.

Eftir fundarhlé lagði formaður L.H. til að kosningafyrirkomulag yrði eftirfarandi:

Samhliða liðnum "önnur mál" hefjast kosningar eftir þeirri röð, sem lög mæla fyrir um. Eftir að kosningum er lokið, er seðlum safnað og til þess fengnir 4 menn að telja atkvæði. Að talningu lokinni eru úrslit kynnt og næsta kosning framkvæmd með sama hætti, jafnframt verði haldið áfram störfum undir liðnum "önnur mál". Voru engar athugasemdir gerðar við þessa uppástungu og skoðast hún því samþykkt.

Tillögur lágu fyrir um formenn starfsnefnda þingsins sem voru níu:

Nefndir þingsins og formenn þeirra:

Allsherjarnefnd:	Hallgrímur Jónasson
Ferða- og umhverfismálanefnd:	Sveinbjörn Eyjólfsson
Fjárhagsnefnd:	Grettir B. Guðmundsson
Fræðslu- og útgáfnefnd:	Sveinn Fjeldsted
Keppnisnefnd:	Marteinn Valdimarsson
Kynbótanefnd:	Árni Jóhannsson
Laganefnd:	Garðar Lárusson
Lyfjanefnd:	Kristján Auðunsson
Æskulýðsnefnd:	Þorvaldur Ágústsson

Þingforseti las síðan tillögur sem fyrir lágu og vísaði málum til nefnda.

Eftirfarandi tillögum var vísað til **allsherjarnefndar**:

Þingskjal nr. 6 flytjandi hestamannafélagið Fákur

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *beinir því til stjórnar L.H. að unnið verði að fjölgun landsmóta, þannig að landsmót verði haldin annað hvort ár, það árið sem ekki eru haldin heimsmót í hestaíþróttum.*

Greinargerð:

Landsmót hafa verið haldin á fjögurra ára fresti allt frá árinu 1950. Á þeim árum var hestamennska í mikilli lægð. Þrátt fyrir það var nokkur hópur áhugamanna sem aldrei missti sjónar á hestinum, kostum hans og gildi ræktunar. Á síðustu 30 árum hefur bæði ræktun og hestamennsku fleygt fram. Kominn er upp hópur atvinnumanna á sviði tamninga. Auk þess hefur útflutningur stór aukist og hrossarækt og tamningar er orðin veruleg atvinna um sveitir landsins.

Landsmótin sækja nokkur þúsund útlendingar sem stofna til kynna er oft á tíðum leiða af sér verslun með hross. Einnig ferðast þeir mikið um landið í tengslum við mótin. Má því fullyrða að mjög verulegar gjaldeyristekjur eru samfara mótunum. Má hér taka upp ummæli sem höfð eru eftir ræktunarmanninum og bóndanum Kristini á Skarði í Hestinum okkar, er hann segir: "Landsmótin eru ekki lengur bara þjóðhátíð

hestamanna, þau eru líka stórt atriði varðandi markaðssetningu". Á landsmótunum fá líka ræktunar-mennirnir samanburð á landsvísu og með stórbættum samgöngum er flutningur hrossa milli landshluta ekki það stórmál sem áður var.

Því er rétt út frá öllum þeim atriðum er hér eru upp talin að fjölga landsmótum.

Þingskjal nr. 7 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *beinir því til landbúnaðarráðherra að hann flýti eins og kostur er setningu reglugerðar, þar sem fram koma nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma í hrossum sbr. 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.*

Greinargerð:

Í nýjum lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim kemur fram í 7. grein þeirra að landbúnaðarráðherra skuli setja reglur um nánari ákvæði um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma eða vart nýrra í dýrum.

Skemmst er að minnast þeirra atvika, sem upp komu á Fákssvæðinu, þegar grunur um nýjan sjúkdóm kom upp í einu hesthúsa svæðisins. Réttarstaða hesteigenda er óviss. Nauðsyn er að þessi reglugerð sjái dagsins ljós, þannig að hrossaeigendur í hesthúshverfum þéttbýlissvæða geti metið stöðu sína hvað áhættuþætti varðar og hugsanlega tryggingar.

Þingskjal nr. 8 flytjandi hestamannafélagið Gustur.

45. ársþing L.H. haldið að Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar L.H. að hún beiti sér fyrir bættu upplýsingakerfi varðandi breytingar á lögum og reglum L.H. sem samþykktar eru.*

Greinargerð:

Til staðar þarf að vera kerfi þannig að öllum viðkomandi séu sendar breytingar á lögum og reglum sambandsins. Öll hestamannafélög, dómarafélagið og aðrir þeir sem vilja vera áskrifendur ættu að fá send slík gögn. Nokkuð ber á að keppendur og jafnvel dómara séu ekki með nýjustu keppnisreglur á mótssstað. Úr þessu þarf að bæta með frumkvæði L.H.

Tillögur til ferða- og umhverfismálanefndar voru þessar:

Þingskjal nr. 11 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

45. ársþing L.H. haldið að Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *fagnar þeirri viðhorfsbreytingu hjá Alþingi til reiðvega og reiðvegagerðar með því að setja afgerandi ákvæði í nýsamþykkt vegalög, þar sem skýrt er tekið fram að fé skuli veita til reiðvegagerðar. Þá fagnar þingið þeim skilningi Vegagerðarinnar, sem er í fullu samræmi við skilning LH, að með vegum, með bundnu slitlagi, skuli leggja reiðvegi og kosta af almennu vegafé samanber reiðvegi með svokölluðum Flóttamannavegi og Þjóðvegi 1 við Grafarholt í Reykjavík, sem lagðir eru nú. Þingið fagnar því að vegagerðarmenn og hestamenn vinni sameiginlega af fullri*

einurð um land allt að tryggja örugga umferð hestamanna sem annarra vegfaranda. Þá er því beint til viðkomandi stjórnvalda, að sérstök áætlun um reiðvegagerð verði unnin áfram þar sem tryggt verði fjármagn til reiðvegagerðar samanber 17. gr. laga nr. 45/1994, Vegalaga.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný vegalög. Í 17. grein laganna segir:

Í vegaáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Landssamband hestamannafélaga sendi ítarlega greinargerð til Samgöngunefndar Alþingis þar sem skýrt var hver skilningur hestamanna er á umferðarrétti og ábyrgð stjórnvalda til að standa við gerða reiðvega.

Nú þegar hefur Vegagerðin hafist handa við gerð reiðvega með þjóðvegi og vegi sem nýbundinn er slitlagi og umferð hestamanna hefur verið mikil um. Sjálfsagt er að fagna þessari viðhorfsbreytingu. Þá er rétt að ítreka enn einu sinni að vinna við reiðvegagerð fer ekki fram á vegum Vegagerðarinnar nema þeir hafið verið samþykktir af skipulagsyfirlöðum þ.e. í flestum tilvikum sveitarfélögum. Er því brýnt að hestamenn vinni ótúllega að því að fá reiðvegi skipulagða inn á aðalskipulag síns sveitarfélags.

Hestamenn vona að reiðvegagerð með vegum, þar sem akandi umferð er mikil og bundið slitlag er fyrir hendi, verði afgerandi þáttur í reiðvegagerð á næstunni, þar sem fyrirmyndar er leitað í dæmi, sem fram koma í tillögunni.

Þingskjal nr. 12 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli dagana 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að stjórn L.H. komi tilmælum til stjórnar hestamannafélaga þess efnis að þau leiti eftir samvinnu við landeigendur varðandi umferðarrétt um landa eignir þeirra.*

Greinargerð:

Umferðarréttur um hefðbundnar reiðgötur er ótvíræður og landeigendum skylt að setja upp hlið þar sem þær eru girtar af. Þó má telja eðlilegt við breytilegar forsendur t.d. stórauðna umferð erlendra og innlendra ferðamanna á eigin vegum eða í hópferðum með hestaleigum að hestamenn sýni tillitssemi og leiti eftir samvinnu við landeigendur varðandi umferðarrétt.

Til keppnisnefndar var vísað eftirtöldum þingskjölum:

Þingskjal nr. 17 frá stjórn L.H.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir breytingar á reglugerð um gæðingakeppni er varðar sérstaka úrslitakeppni 2.1.6. og 2.1.7. 17. grein reglugerðarinnar er segir til um hvernig úrslitakeppni fer fram. Röðun í sæti.

Lagt er til að 5. málsgrein 2. A-flokkur sem hljóðar svo:

"Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda". breytist og orðist svo:

"Á milli atriða meðan dómara raða hestum í sæti og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda".

Annað á 2.1.6. verði óbreytt.

Varðandi B. flokk 2.1.7. eru breytingar þessar.

Úrslit í B. flokki skulu fara þannig fram:

"Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar. Síðan hægt tölt, með hraðamun, upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar", falli út, en í þess stað komi breyting:

"Sýna skal hægt tölt, með hraðamun upp að milliferð allt að tvo hringi til hvorrar handar" Aðrar málsgreinar óbreyttar varðandi sýningaratriði. Síðan kemur breyting. Málsgreinin:

"Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda", fellur út, í þess stað kemur ný málsgrein svohljóðandi:

"Á milli atriða meðan dómara raða hestum í sæti og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla stjórnanda".

Annað verði óbreytt að 3.

2.1.7. 3:

"Dómara gefa hestunum ekki einkunnir heldur sýna á spjaldi í hvaða sæti þeir raða hverjum hesti. Þegar dómara hafa raðað hestunum skal leggja saman þær tölur (þau sæti), sem hver hestur hefur hlotið hjá öllum dómurum. Sá hestur sem lægsta samtölu fær hefur sigrað. Sá sem næst lægsta tölu fær er í öðru sæti o.s.frv.", fellur út en í þess stað kemur svohljóðandi breyting sem verður 3.

"Dómara gefa hestunum ekki einkunn, heldur sýna á spjaldi eftir hvert atriði fyrir sig, í hvaða sæti þeir raða hverjum hesti. Þegar dómara hafa raðað hestunum í sæti fyrir öll atriðin, skal leggja saman þær tölur (þau sæti) sem hver hestur hefur hlotið hjá öllum dómurunum. Sá hestur sem lægstu samtöluna fær hefur sigrað. Sá sem næst lægstu tölu fær er í öðru sæti o.s.frv.".

Verði þessar breytingar samþykktar öðlast þær þegar gildi.

Annað í 2.1.7. verði óbreytt.

Greinargerð:

Með þessum breytingum er verið að milda álagið á hestunum í úrslitakeppni, sem margir hafa talið óvægið og alltof mikið. Hestarnir fá hvíldartíma á milli atriða og eru þannig betur undirbúnir að takast á við næsta atriði. Útfærslan breytist lítið og ætti ekki að vera síður skemmtileg, hvað áhorfendur varðar. Úrslitakeppnin stýttist ekki og dómara fá betri tíma til að vinna sitt verk.

Pingskjal nr. 18 frá stjórn L.H.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir breytingu á reglugerð um gæðingakeppni 2. gr. varðandi eftirlitsmenn. "Á lands- og fjórðungsmótum skulu vera tveir eftirlitsmenn og er æskilegt að annar þeirra sé dýralæknir".

Lagt er til að 2. málsgrein orðist svo eftir breytingu:

"Skipa skal sérstakan eftirlitsmann sem sér um að reglum sé fylgt. Hann annast skoðun á þeim atriðum sem nefnd eru í gr. 4, gr. 5, gr. 6 og gr. 7. Á lands- og fjórðungsmótum skulu vera tveir eftirlitsmenn og skal annar þeirra vera dýralæknir". Aðrar málsgreinar verði óbreyttar.

Greinargerð.

Hér er verið að taka af öll tvímæli um að annar þessara eftirlitsmanna skuli vera dýralæknir. Má þannig ætla að eftirlitið yrði vandaðra og öruggara.

Pingskjal nr. 19 frá stjórn L.H.:

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir breytingar á reglugerð um gæðingakeppni 1. gr.

Lagt er til að fella út úr 1. gr. heimildarákvæði um skráningu hrossa í eigu hrossabúa og eða ræktunarsambanda. Þ.e. eftirfarandi málsgreinar falli niður:

"Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga L.H., enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna hestamannafélaga".

1. gr. hljóði svo eftir breytingu:

"Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskyldu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku".

Greinargerð:

Þessar breytingar; heimildarákvæði á reglum um gæðingakeppni 1. gr. voru samþykktar á 43. ársþingi að Flúðum til reynslu. Greinin er endurmetin nú að fenginni reynslu og heimildarákvæðið felld út enda var það útfært miklu víðtækara en upprunaleg tillaga stjórnar L.H. ætlaðist til.

Pingskjal nr. 20 frá stjórn L.H.:

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir breytingar á 1. gr. reglugerðar um gæðingakeppni, varðandi þátttöku stóðhesta.

Lagt er til að bæta við 1. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi málsgrein:

"Á lands- og fjórðungsmótum hafa stóðhestar ekki rétt til þátttöku í gæðingakeppni".

Greinargerð:

Mjög deildar meiningar eru um þátttöku stóðhesta í gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum og sýnist sitt hverjum. Ljóst er að fjöldi stóðhesta í gæðingakeppni á Landsmótinu í sumar hefur verið gagnrýndur af fjölda hestamanna enda verður að telja að þátttaka stóðhesta í gæðingakeppni minnki möguleika annarra gæðinga til verðlauna þar. Stóðhestar hafa fullan rétt til að koma fram á lands- og fjórðungsmótum þ.e. í kynbótasýningum. Stjórn L.H. þykir rétt að fá úrskurð þingsins um þetta mál.

Þingskjal nr. 21 frá Dómarafélagi L.H.:

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir viðbót við reglur L.H.

Í reglugerð um gæðingakeppni I. kafla 2.1.2. 7. gr. komi eftirfarandi viðbót við niðurlag greinarinnar:

Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálms og skal hann vera tryggilega festur með hókubandi. Missi knapi reiðhjálms af höfði í sýningu, skal honum vísað frá keppni.

Í reglugerð um barna- og unglingakeppni 3.1.1. komi ofangreind viðbót einnig og hljóði þannig:

Í barna- og unglingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálms og skal hann vera tryggilega festur með hókubandi. Missi knapi reiðhjálms af höfði í sýningu skal honum vísað frá keppni.

Greinargerð:

Nokkuð hefur borið á því að reiðhjálmar séu ekki notaðir á réttan hátt. Sumir knapar tylla hjálmi á höfuð sér rétt eins og um sixpensara sé að ræða, sem hefur síðan leitt til þess að knapi hefur misst hjálms af höfði í keppni, sem er algjörlega óviðunandi. Hjálmsur sem ekki er festur með hókubandi hefur ekkert öryggisgildi, ekki frekar en bílöryggisbelti sem fengi að lafa yfir axlir ökumanns, en fengi ekki festingu. Stígum skrefið til fulls og samþykkjum rétta notkun reiðhjálms í keppni.

Þingskjal nr. 22 frá hestamannafélaginu Fákí.

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir að reglur um gæðingakeppni verði endurskoðaðar með tilliti til leyfilegrar þyngdar á hófhlífum og þyngdarjöfnunar svo og vegna járningar og söfnunar hófa.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að nota þyngingar til að breyta ganglagi gæðinga. Þetta er gert með járningum, með söfnun hófa eða með hlífum. Leyfilegt er að nota 250 gr. þungar hlífar. Innan þeirra þyngdarmarka eru tvöfaldar hlífar, oft opnar þannig að þær skrölta og mynda loftmótstöðu. Æskilegt er að knapar geri sér grein fyrir hvaða áhrif slíkur búnaður hefur á fótaborð hestsins. Eins hefur áhrif hvar þyngdarpunkturinn er í hlífinni.

Sé hestur látinn safna óeðlilega stórum hófum verkar það sem aukið álag við hreyfingar auk þess sem slíkum hesti er hættara við tognun og pendúlhreyfing (sveifla) eykst við aukinn hraða. Til ákvörðunar um eðlilega hófstærð miðað við vaxtarlag verði notað gráðuhorn.

Ástæða er til að sérfróðir menn, dýralæknar og járnningamenn meti hvaða fótabúnaður sé leyfilegur, án þess að það skaði hestinn eða komi niður á þeim möguleikum sem reiðmaðurinn hefur til að ná sem bestum árangri.

Vissulega getur þurft að leita jafnvægis fyrir hestinn á gangtegundum sem getur jafnframt komið í veg fyrir að knapi þurfi að knýja það fram með öðrum hætti. Það getur orðið hestinum erfiðara og sársaukafyllra.

Allar öfgar eru hættulegar og þær ber að varast.

Þingskjal nr. 23 frá hestamannafélaginu Fákí.

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir að breyta reglum um gæðingakeppni á þann veg að takmarkað sé í hve mörgum keppnisgreinum hver hestur má taka þátt á lands- eða fjórðungsmótum.

Greinargerð:

Á landsmótinu síðast liðið sumar var það mál manna að of mikið hafi verið lagt á sum keppnishrossin. Dæmi voru um að sama hrossið keppti í mörgum greinum og kæmi jafnvel einnig fram í ræktunarbússýningum eða afkvæmasýningum. Menn þóttust merkja það á sumum hrossunum að þeim hefði verið ofgert. Ástæða er til að sporna við þessu og láta ekki keppnisgleðina eða mótssstemmingu hlaupa með sig í gönur. Takmarkanirnar ættu að fela það í sér að hvert hross tæki aðeins þátt í tveimur greinum og þess jafnframt gætt að keppnisvegalengd þar sem hrossi er ætluð full afköst sé takmörkuð (einn hringur til hvorrar handar). Á það má einnig benda í þessu sambandi hvort ekki megi sleppa tölti með hraðamun í gæðingakeppni, nægilegt sé að hesturinn sýni hægt tölt og yfirferðartölt.

Þingskjal nr. 25 frá hestamannafélaginu Gusti.

45. ársþing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir eftirfarandi viðbót við reglugerð um barna- og unglingakeppni og 7. gr. reglugerðar um gæðingakeppni þar sem stendur;"er knapa skylt að bera reiðhjál". Verði: "*áspenntan reiðhjál*".

Greinargerð:

Aðeins hefur borið á að knapar missi af sér hjálmi í keppni, koma þá upp spurningar um hvort viðkomandi er löglegur í keppninni eða skal dæmast úr leik.

Þingskjal nr. 26 frá hestamannafélaginu Gusti.

45. ársþing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir eftirfarandi viðauka við IV. kafla, 17. gr. um sérstaka úrslitakeppni og úrslitakeppni í barna og unglingaflokkum.

17. gr. Á eftir "ef viðkomandi framkvæmdanefnd ákveður svo" komi: *Framkvæmdanefnd skal sjá um að allir knapar beri greinileg númer t.d. á stígvélum.*

Sami viðauki komi inn í úrslitakeppni í barna- og unglingaflokkum.

Greinargerð:

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum að mun auðveldara er fyrir dómara og áhorfendur að þekkja keppendur ef þeir eru auðkenndir með einföldum hætti, því er þessi tillaga lögð fram.

Þingskjal nr. 27 frá hestamannafélaginu Gusti.

45. ársþing L.H. haldið að Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *samþykkir að stjórn L.H. skipi nefnd sem skuli endurskoða í heild reglugerð um gæðingakeppni svo og reglugerð um barna- og unglingakeppni. Markmið nefndarinnar skal vera að keppni sem þessi verði spennandi og skemmtileg án þess að hestum sé á nokkurn hátt misboðið. Í nefnd þessa skal m.a. skipa dýralækni, vanan keppnismann og reyndan dómara. Nefnd þessi skili álit eigi síðar en fyrir 46. ársþing L.H.*

Þingskjölum nr. 9 og 10 var vísað til kynbótanefndar.

Þingskjal nr. 9 frá hestamannafélaginu Fáki.

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *beinir þeim eindregnu tilmælum til Búnaðarfélags Íslands - Hrossaræktarnefndar - að settar verði reglur um sýningar kynbótahrossa þar sem skýrt er tekið fram hve hross mega koma oft fram í sýningum á lands- og fjórðungsmótum.*

Greinargerð:

Á landsmótinu á síðast liðnu sumri þótti mörgum keyra úr hófi hve mikið var lagt á yngri kynbótahrossin. Þess voru dæmi að þau kæmu fram í þremur sýningum þrjá daga í röð og færu marga spretti í hverri sýningu. Við þessu verður að sporna enda hefur dýralæknir (Páll Stefánsson í Hestinum okkar, ágústblað 1994) bent á að það sé fremur undantekning að 4ra vetra hross hafi þroska til að standast það álag sem sýningum fylgir. Lagt er til að reglurnar feli það í sér að 4ra vetra hross taki aðeins þátt í einni sýningu (einstaklingssýningu) og 5 vetra hross aðeins í einni sýningu auk einstaklingssýningar.

Þingskjal nr. 10 frá hestamannafélaginu Létti.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *skorar á Búnaðarfélag Íslands að taka upp lyfjapróf á sýningum kynbótahrossa strax á næsta ári og setja skýrar reglur þar að lútandi.*

Greinargerð:

Eftir atburði síðastliðins sumars hefur lyfjanotkun í hestamennsku verið mikið til umræðu. Þessar umræður hafa valdið tortryggni meðal almennings á áreiðanleika hestamanna og þeirra aðferða sem notaðar eru til að mæla árangur, jafnt í keppni sem í ræktun. Það er áriðandi að þessari tortryggni sé eytt og ekki síður nauðsynlegt að tekið sé á þessum málum meðal hrossaræktenda sem og hjá keppendum. Þessi lyfjapróf ættu fyrst og fremst að beinast að stóðhestum sem leigðir eru til undaneldis á

tugi hryssa árlega og það ætti að vera krafa um að allir stóðhestar sem fá hærri einkunn en 8.00 séu lyfjaprófaðir.

Tillögum nr. 4 og 5 var vísað til **laganefndar**.

Pingskjal nr. 4 frá stjórn L.H.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir breytingu á 5. gr. laga L.H.

Lagt er til að fella út úr 5. gr. orðin *"Þá er stjórn Íþróttaráðs L.H."...* Aðrar málsgreinar verði óbreyttar.

Eftir breytinguna hljóðar 5. gr. laganna svo:

"Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum, er félögin kjósa til eins árs í senn. Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn, tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.

Hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti. Félögum með aukaaðild er heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu á ársþingi L.H. með málfrelsi og tillögurétti.

Heiðursfélagar L.H. hafa einnig rétt til þingsetu með sömu réttindum.

Heimilt er stjórn L.H. að bjóða gestum svo og fulltrúum frá ákveðnum félags- og hagsmunahópum að sitja ársþing sem áheyrnarfulltrúar, telji hún þau málefni sem þingið fjallar um gefa sérstakt tilefni til þess.

Stjórn sambandsins skipar þriggja manna kjörbréfanefnd. Kjörbréf fulltrúa skulu vera komin í hendur kjörbréfanefndar minnst þremur vikum fyrir ársþing, nema sérstakar ástæður komi til".

Greinargerð:

Íþróttaráð L.H. var lagt niður á ársþingi L.H. 1989 en Hestaíþróttasamband Íslands var stofnað 16. maí 1989 og fer nú með öll mál er Íþróttaráð hafði áður með að gera. Hér er því verið að leiðrétta lagagreinina og fella að aðstæðum eins og þær eru nú.

Pingskjal nr. 5 frá hestamannafélaginu Dreyra.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli þann 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að skora á stjórn L.H: að beita sér fyrir því í samvinnu við stjórn HÍS að samin verði ein reglugerð um agamál sem gildi fyrir bæði samtökin.*

Greinargerð:

Telja verður óeðlilegt að sami aðili geti gerst brotlegur við önnur samtökin, e.t.v. fengið keppnisbann um lengri eða skemmri tíma, en geti jafnframt tekið þátt í keppnum innan hinna samtakanna og jafnvel orðið fulltrúi síns félags á stærri mótum.

Pingskjölum 13, 14 og 16 var vísað til **lyfjanefndar**.

Pingskjal nr. 13 frá lyfjanefnd L.H. og HÍS.

45. þing Landssambands hestamanna, haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994, samþykkir eftirfarandi reglugerð um lyfjaeftirlit fyrir hross, sem taka þátt í

keppni og sýningum á vegum LH og aðildarfélaga þess. Þrátt fyrir 18. gr. reglugerðar um gæðingakeppni tekur reglugerð þessi gildi strax að samþykkt lokinni:

Reglugerð LH um lyfjaeftirlit.

Eftirfarandi reglur gilda um lyfjaeftirlit í keppnishrossum, er taka þátt í keppni á vegum LH eða aðildarfélaga þess en að öðru leyti gilda almennar reglur ÍSÍ um lyfjaeftirlit knapa. Reglugerðin tekur til hrossa, sem taka þátt í keppni eða sýningum hverskonar og gildir fyrir þau 14 dögum fyrir lokadag skráningar til keppni, en 14 dögum fyrir upphafsdag sýningar.

1. grein.

Stjórn LH ákveður eigi síðar en í desember ár hvert hversu mörg lyfjapróf taka skuli ákomandi keppnistímabili. Lyfjaeftirlitsnefnd LH og HÍS skal sjá um framkvæmd prófanna. Lyfjaeftirlitsnefnd skal draga um það hvaða mót verða fyrir valinu á sama hátt og tilviljanakennt úrtak er fundið um keppnishross (sjá 7. gr.). Heimilt er mótshöldurum eða aðildarfélögum LH að fara fram á lyfjapróf á mótum sínum til viðbótar hinum tilviljanakenndu prófum og skulu þau þá bera kostnað af slíku, en Lyfjaeftirlitsnefnd annast um þau. Þá skal lyfjaprófa á lands- og fjórðungsmótum fyrir utan hið tilviljanakennda úrtak. Framkvæmdanefnd mótanna ákveður fjölda þeirra í samráði við Lyfjaeftirlitsnefnd LH og HÍS og greiðir fyrir þau en Lyfjaeftirlitsnefnd LH og HÍS annast um framkvæmd þeirra.

2. grein.

Trúnaðardýralæknir skal starfa á vegum LH.

3. grein.

Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni. Fara skal að reglum FEI um innvortis og útvortis notkun lyfja í dýrum ásamt lyfjaeftirliti, en reglum ÍSÍ um töku og varðveislu sýna.

4. grein.

Hafi hestur þurft á meðferð dýralæknis eða lyfjagjöf að halda 14 dögum fyrir lokadag skráningar á mót eða síðar, skal fylgja vottorð viðkomandi dýralæknis um meðferð og lyfjagjöf. Leiki vafi á, um að óheimil lyf finnist í keppnishesti vegna nauðsynlegrar lækni meðferðar hans, þegar keppni fer fram skal dómnefnd í samráði við fulltrúa lyfjaeftirlitsnefndar LH og trúnaðardýralækni LH úrskurða um keppnishæfi hans.

5. grein.

Heimilt er að gefa hrossum vítamín og steinefni, en einungis með náttúrulegum hætti, ekki með sprautu.

6. grein.

Sýnishorn til lyfjarannsóknar má taka af öllum hrossum (blóð, þvag, munnvatn). Ef niðurstaða rannsóknar verður jákvæð verður þátttakandi að borga kostnað, sé hún neikvæð greiðir LH.

7. grein.

Mótshaldarar skulu hafa hentuga aðstöðu til reiðu, þar sem lyfjapróf geta farið fram. Mótshaldarar ákveða áður en mótið hefst, hvaða hestar verða teknir í lyfjapróf með því að draga þá út og skal það gert á eftirfarandi hátt: Númeraseðlar skulu gerðir og þannig útbúnir að ekki sjáist hvaða númer hver þeirra ber. Draga skal númer þess sætis/sæta í úrslitum, sem prófa skal, innsigla það og opna strax að loknum úrslitum. Þegar úrslitakeppni lýkur í hverri keppnisgrein, skal mótshaldari hlutast til um að hesturinn verði umsvifalaust færður til lyfjæftirlits.

8. grein.

Knapi hests, sem valinn hefur verið til lyfjaprófs eða fulltrúi hans verður að fara með hest sinn í lyfjapróf strax, þegar þess er óskað og skal annar þeirra vera viðstaddur prófið. Neiti knapi eða fulltrúi hans að fara með hest sinn í lyfjapróf, verður hesturinn og knapinn útilokaður frá mótinu og skal knapinn sæta refsingu. Málið skal lagt fyrir Agadómstól LH.

9. grein.

Hendi óhapp hest í keppni, skal strax fara fram dýralæknisskoðun í samráði við trúnaðardýralækni LH, ef orsakir gætu bent til óheilbrigðis hests að mati dómnefndar.

10. grein.

Með vísun til 9. og 11. greinar skal dýralæknir, í samráði við trúnaðardýralækni LH, taka öll nauðsynleg sýni til lyfjaprófs úr viðkomandi hesti, skv. FEI reglum áður en um lyfjagjöf verður að ræða.

11. grein.

Þurfi að fella hest vegna óhapps hans í keppni getur lyfjæftirlitsnefnd LH og HÍS í samráði við trúnaðardýralækni LH krafist þess, að fram fari krufning á vegum trúnaðardýralæknis LH, áður en eigandi fær hestinn til heygingar.

12. grein.

Niðurstaða sýna skal send stjórn LH, sem tilkynnir viðkomandi knapa um niðurstöður. Sé sýni jákvætt fer skráður knapi og hesturinn strax sjálfkrafa í keppnisbann. Stjórn LH skal senda Aganefnd LH málið til meðferðar, sem ákveður lengd keppnisbanns. Agadómstólinn skal kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að tilkynning barst knapa.

Greinargerð með reglugerð LH um lyfjæftirlit.

Lyfjæftirlitsnefnd LH og HÍS hefur unnið að því undanfarið að koma á samræmdum reglum Hestaíþróttasambands Íslands og Landssambands hestamannafélaga um lyfjæftirlit og lyfjapróf.

Misnotkun lyfja í íþróttum er litin mjög alvarlegum augum. Þetta kemur einnig fram í nýjum lögum um dýravernd, lögum nr. 15/1994. Vegna þess hversu alvarlega er litið ályfjamisnotkun almennt í keppni og refsingar harðar verður að gæta ýtrustu varkárni og nákvæmni við rannsókn slíkra mála og gæta þarf vel að sönnunarþættinum.

Til að hægt sé að halda uppi eftirliti með misnotkun lyfja í hrossum þurfa að fara fram viðamikil og nákvæm próf, sem einungis er mögulegt að gera á vel útbúnum rannsóknarstofum.

Innan íþróttahreyfingarinnar er komið á viðamikið eftirlit með misnotkun lyfja og eru próf tekin án fyrirvara bæði á kappleikjum og æfingum íþróttafélaganna í landinu. Íþróttahreyfingin hefur vel skipulagt kerfi til þessarar sýnatöku, sem komin er góð reynsla á. Sýnataka er flókin og nákvæm, góð aðstaða verður að vera fyrir hendi á sýnatöku stað og fyllstu nákvæmni verður að gæta til að mögulegt sé að færa sönnur á að sýnin séu úr réttum einstaklingi. Þá verður að varðveita hluta sýnis á tryggan hátt, þar sem rannsaka þarf aftur hluta þess ef niðurstaða úr fyrri rannsókn reynist jákvæð. Reynist svo gilda þær reglur hjá íþróttahreyfingunni að síðari rannsóknarstofan verður að hafa alþjóðlega viðurkenningu. Einungis örfáar rannsóknarstofur í Evrópu hafa slíka viðurkenningu, engin hér á landi.

Þá er nauðsynlegt að reglur séu skýrar og settar með eðlilegum hætti þannig að allir sem að málinu koma bæði þolendur og eftirlitsaðilar hafi fulla heimild og samþykki til athafna sinna.

Ef sýni reynist vera jákvætt þarf að rétta í málinu þannig að refsímálið fái réttláta meðferð og sakborningur hafi fullt tækifæri til tjá sig. Um þetta gilda ákveðnar reglur innan íþróttahreyfingarinnar, sem lagaðar hafa verið að reynslu undanfarinna ára og staðist próf.

Einnig er eðlilegt að refsingar séu þekktar og er keppnisbann og útilokun frá keppnisíþróttum helstar refsinga sem íþróttahreyfingin notar. Með samningum er eðlilegt að keppnisbann einna samtaka innan hestamannasamtakanna nái einnig til allra annarra samtaka þeirra innanlands og utan.

Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ í samráði við Lyfjæftirlitsnefnd LH og HÍS stóð að sýnatöku til lyfjaprófs á Íslandsmótinu í hestaíþróttum í ágúst s.l. Tekin voru 3 próf og reyndust þau öll neikvæð. Sú rannsókn fór fram á rannsóknarstofu í Svíþjóð. Var það góð reynsla fyrir Lyfjæftirlitsnefnd LH og HÍS að fylgjast með þeim vinnubrögðum og kynnast því hversu mikillar alúðar er þörf til að verkið misfarist ekki.

Ein meginforsendan fyrir því að lyfjæftirliti megi koma á, er að reglur séu til, þannig að byggja megi á þeim. Lyfjæftirlitsnefnd hefur kosið að fara þá leið að nota reyndar reglur, sem grunn til að vinna eftir, en leggja til að reglugerð verði samþykkt, sem tengir þessar reglur við lög og reglur LH.

Eins og allir sem koma nálægt hrossum þekkja, þá gegna dýralæknar ákaflega mikilvægu hlutverki í hestamennsku. Það er aldrei of brýnt fyrir mönnum að taka ráðum þeirra og virða landslög hvað viðvíkur lyfjanotkun

Í inngangi að reglugerðinni er tekið fram að eftirfarandi reglur gildi um lyfjæftirlit íkeppnishrossum og er þetta tekið fram til að tengja lög LH og reglugerðina. Heimild til reglugerða af þessu tagi er að finna í 3. gr. laga LH. Kæmi einhvern tíma til álita að knapi þyrfti að fara í lyfjapróf, þurfa að vera til reglur þar að lútandi og eðlilegast þótti að gera margreyndar reglur ÍSÍ að okkar í því efni. Þá er tekið fram í næstu málsgrein hvaða tímamörk eru á lyfjagjöf fyrir hross sem þátt eiga að taka í keppni eða sýningum.

Um 1. grein.

Mikill kostnaður fylgir hverju sýni sem tekið er og sent í lyfjapróf. Er því eðlilegt að stjórn LH taki ákvörðun um hversu miklu fé megi verja til þessa þáttar í rekstri sambandsins. Þó verður sú heimild að vera fyrir hendi að hestamannafélögin eða mótshaldarar í einhverjum tilvikum vilji bæta við prófum og þarf þessi heimild að vera til. Lyfjaeftirlitsnefnd er falin framkvæmd prófana og er ekki ólíklegt að leitað verði aðstoðar starfsfólks Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ.

Þá er ákveðið að á lands- og fjórðungsmótum skuli lyfjaprófað fyrir utan hin tilviljanakenndu próf og að sama skapi skal lyfjaeftirlitsnefnd sjá um framkvæmd þeirra. Framkvæmdanefndir mótanna ákveða fjölda þeirra í samráði við Lyfjaeftirlitsnefnd LH og HÍS. Eðlilegt er að Lyfjaeftirlitsnefnd taki tillit til fjölda félaga hestamannafélaganna við úrdrátt móta til lyfjaeftirlits.

Um 2. grein.

Í þessari grein kemur fram að trúnaðardýralæknir skuli starfa á vegum LH. Þetta er nauðsynlegt til að gætt sé fyllstu nákvæmni í meðferð mála er varða lyfjapróf. Til dæmis er nauðsyn að dýralæknir taki blóðsýni úr hrossum. Er þá mögulegt að kalla hann til tímabundinna starfa, eða fela honum að fá staðgengil í sinn stað þar sem svo háttar til.

Um 3. grein.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er orðrétt tekin úr nýju dýraverndarlögunum. Þótti eðlilegt að hún komi fram í reglugerð okkar þó svo að hún hafi raunar lagagildi í landinu. Ínæstu setningu kemur fram að fara eigi að svokölluðum FEI reglum (Federation Equestre Internationale), en reglur þessar eru alþjóðareglur og farið er eftir þeim í flestum löndum Evrópu. ÍSÍ hefur tekið upp alþjóðlegar reglur um töku sýna og varðveislu þeirra, sem eru samstofna FEI reglunum og eðlilegast er að við gerum þær að okkar, þar sem þær eru þrautreyndar.

Um 4. grein .

Hafi hestur þurft á meðferð dýralæknis að halda eða lyfjagjöf að halda 14 dögum fyrir lokadag skráningar á mót eða síðar skal vottorð dýralæknis um meðferð og lyfjagjöf fylgja. Útskolunartími lyfja er mismunandi og hafa dýralæknar þekkingu á því fyrir hvert lyf fyrir sig. Þetta ákvæði er sett í reglugerðina, þar sem þetta er framkvæmdaatriði og er í FEI reglum og reglum ÍSÍ viðvíkjandi íþróttamönnum. Reyndar verða knapar að skrifa undir staðfestingu um hvort lyf hafa verið gefin á tímabilinu eða ekki.

Þegar vottorð dýralæknis hefur borist verður dómnefnd í samráði við lyfjaeftirlitsnefnd og þá trúnaðardýralækni LH að úrskurða um keppnishæfi hestsins. Fer sú ákvörðun eðlilega eftir því hver sú meðferð hefur verið og hvaða lyf notuð.

Um 5. grein.

Vítamín- og steinefnagjafir eru algerlega bannaðar með sprautu. Reyndar er það skýrt fram tekið í FEI reglum að sprauta megi ekki finnast á neinum sem um hrossin ganga meðan á keppni stendur nema trúnaðardýralækni mótsins og varðar það við brottrekstur frá mótinu ef finnst.

Um 6. grein.

Í þessari grein kemur fram heimild til sýnatöku úr öllum hrossum sem taka þátt í keppni eða sýningu á vegum LH eða aðildarfélaga þess. Þá er ákvæði um greiðslu kostnaðar og að hann beri keppandi ef sýni reynist jákvætt.

Um 7. grein.

Þessi grein skýrir sig sjálf. Mótshaldarar verða að skapa aðstöðu til töku sýna til lyfjaprófs og verða gefnar út leiðbeiningar um það efni. Þá er óheimilt að taka lyfjapróf samkvæmt ábendingum eða vegna gruns, heldur verður að taka sýni úr hrossum eftir tilviljanakenndu úrtaki. Mótshaldari skal hlutast til um að hesturinn verði umsvifalaust færður til lyfjaeftirlits.

Um 8. grein.

Fyrsta málsgrein þessarar greinar fjallar um skyldu knapa til að fara með hest sinn í lyfjapróf. Skal hann eða fulltrúi hans vera viðstaddur prófið. Þetta er nauðsynlegt til að sannreyna að prófið fari fram eftir settum reglum. Neiti knapi að koma með hest sinn í próf jafngildir það játningu um sekt og skal hann þá sæta refsingu.

Um 9. grein.

Verði hestur fyrir óhappi í keppni metur dómnefnd það hvort líklegt megi vera að óhappið hafi orðið fyrir þær sakir að hesturinn hafi ekki verið nægilega vel á sig kominn er hann hóf keppni. Ef grunur um slíkt vaknar skal dýralæknisskoðun fara fram í samráði við trúnaðardýralækni LH, sem getur eftir atvikum falið það þeim dýralækni er staðsettur er næst mótssað.

Um 10. grein.

Til þess að auðvelda rannsókn á hugsanlegu broti á reglugerð þessari þarf þessi háttur að vera hafður á til að fyrra hugsanlegum réttarspjöllum. Krefst þetta að búnaður til lyfjaprófs verður að vera til staðar þar sem mót fara fram.

Um 11. grein.

Hér er um samstofna ákvæði að ræða og í 9. og 10. grein þar sem verið er að koma í veg fyrir hugsanleg réttarspjöll.

Um 12. grein.

Í þessari grein er kveðið skýrt á um það hvernig fara skuli með niðurstöður rannsókna og að keppnisbanni skuli beitt ef knapar verða uppvísir að broti á reglugerð þessari. Það er hlutverk Agadómstóls LH að ákveða lengd keppnisbanns. Dómstóllinn skal fara að venju ímeðferð mála, sem fyrir hann koma og gæta m.a. andmælaréttar. Í þessari grein er það skýrt tekið fram að skráður knapi ber ábyrgð á hesti í keppni og fer hann ásamt hesti í keppnisbann þurfi að beita ákvæðum greinar þessarar.

Pingskjal nr. 14 frá stjórn L.H.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir eftirfarandi breytingar á 5. gr. reglugerðar um gæðingakeppni:

Lagt er til að eftirfarandi viðbót verði sett inn í 5. greinina:

"Fyrir gæðingakeppni, sýningar og kappreiðar er bannað að gefa hrossum lyf sem verka örvandi, róandi, eða deyfandi og hafa með því áhrif á getu þeirra og afrek.

Hver sá sem uppvís verður að slíku athæfi skal hafa fyrirgert rétti sínum og hrossa sinna til þátttöku í gæðingakeppni, sýningum og kappreiðum, allt að næstu þremur árum". Önnur ákvæði 5. gr. verði óbreytt.

Eftir breytinguna hljóði 5. gr. reglugerðarinnar svo:

"Fyrir gæðingakeppni, sýningar og kappreiðar er bannað að gefa hrossum lyf sem verka örvandi, róandi eða deyfandi og hafa með því áhrif á getu þeirra og afrek. Hver sá sem uppvís verður að slíku athæfi skal hafa fyrirgert rétti sínum og hrossa sinna til þátttöku í gæðingakeppni, sýningum og kappreiðum, allt að næstu þremur árum.

Í gæðingakeppni eru bannaðar allar járningaaðferðir, sem ýkja fótaborð. Hóflengd skal vera eðlileg. Eingöngu skulu notaðar venjulegar skeifur, jafnar að lögun, úr smíðajárnsteini. Hámarks þykkt 10 mm hámarks breidd 20 mm. 10% frávík leyfilegt. Efnið má ekki vera þyngra en svarar eðlisþyngd venjulegs skeifnajarns. Með skeifum sem eru 8x20mm og þar undir, er heimilt að nota botna úr plastefnum mesta þykkt 7mm. Einnig er heimilt að nota plastfleyga eða plastfleygbotna mesta þykkt á hæl 11 mm og mesta þykkt á tá 4 mm. Heimilt er að nota hamp eða sílikon milli botns og hófs. Ekki er heimilt að nota plastbotna, fleyga eða neins konar millilegg undir skeifur sem eru yfir 8x20mm að stærð. Heimilt er að nota hóf- og legghlífar, mesta samanlögð þyngd þeirra 250 gr. á fót.

Allt sem ekki er ótvírætt leyft samkvæmt reglum þessum er bannað. Leiki minnsti vafi á lögmæti járningar skal dregið undan hestinum og járning skoðuð. Ef falin þyngd finnst í hófum skal hesti vísað úr keppni".

Greinargerð:

Rétt þykir að taka af öll tvímæli um bann við lyfjanotkun fyrir gæðingakeppni og setja inn ákvæði um refsingar vegna brota þeim tengdum. Þessi ákvæði er að finna í gildandi kappreiðareglum L.H. 23. gr. og eru hér með yfirfærð einnig vegna gæðingakeppni og annara sýninga á vegum L.H. og aðildarfélaga þess.

Þingskjal nr. 16 frá hestamannafélaginu Létti.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *beinir því til stjórnar L.H. að skilyrðislaust verði framkvæmd lyfjapróf á öllum stærri mótum sem haldin eru í nafni eða á vegum L.H. og að strax verði sett viðurlög við brotum á lyfjalöggjöf. Reglur þar að lútandi verði sendar öllum hestamannafélögum og birtar í fjölmiðlum eigi síðar en 15. apríl 1995.*

Greinargerð:

Á undanförnum þremur ársþingum L.H. hefur hestamannafélagið Létti á Akureyri flutt tillögu um lyfjapróf á keppnishestum á stórmótum, en oftast fyrir daufum eyrum. Á síðasta ársþingi var samþykkt ályktun um lyfjapróf á Landsmóti 1994 en því miður var gengið fram hjá þessari ákvörðun þingsins. Hestamannafélagið Létti harmar þá málsmeðferð og fer fram á að gengið verði þannig frá málum að slíkt endurtaki sig ekki. Atburðir síðastliðins sumars eru blettur á hestamennskunni á Íslandi og það er nauðsynlegt að hestamenn sýni það að þeir taki á þessum málum.

Þingskjali nr. 24 var vísað til æskulýðsnefndar.

Þingskjal nr. 24 frá hestamannafélaginu Skugga.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir eftirfarandi breytingu á 7. gr. reglna um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta.

"Börnum og unglingum er heimilt að mæta með tvö hross til úrtöku fyrir lands- og fjórðungsmót".

Greinargerð:

Að gefnu tilefni er þessi breyting sett fram þar sem það tíðkast í mörgum aðildarfélögum að börn og unglingar komi fram með fleiri en eitt hross í úrtökukeppni fyrir stórmót s.s. lands- og fjórðungsmót. Auk þess er þetta réttlætismál fyrir börn og unglinga því ef hross þeirra forfallast í eða eftir úrtöku, eiga þau enga möguleika á að keppa á stórmóti eins og staðan er í dag. Á þetta einnig við þegar keppendur eru fáir eins og oft vill vera í litlum hesta-mannafélögum.

Til fjárhagsnefndar var vísað þingskjölum nr. 3 og 15.

Þingskjal nr. 3 frá stjórn L.H.

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1995.

Tekjur:

1.	Árgjöld félaga:			
	16 ára og yngri	1.050 a)	500	kr. 525.000
	17 - 69 ára	6.300 a)	1.000	kr. 6.300.000
2.	Aðrar tekjur			kr. 1.175.000
				kr. 8.000.000

Gjöld:

1.	Laun og launatengd gjöld		kr. 3.000.000
2.	Húsaleiga og skrifstofukostnaður.		kr. 1.600.000
3.	Þinghald og fundir		kr. 800.000
4.	Akstur og ferðakostnaður.		kr. 650.000
5.	Æskulýðsstarf	1.050.000	
	Þátttaka HÍS	- 400.000	kr. 650.000
6.	Dómarafélag námsk. og fræðsla		kr. 150.000
7.	Kostnaður v. áningahólfa		kr. 100.000
8.	Vaxtagjöld umfram tekjur		kr. 60.000
9.	Afskriftir		kr. 100.000
10.	Uppbygging Skógarhóla		kr. 100.000
11.	Erlend samskipti - FEIF		kr. 220.000
12.	Annar kostnaður		kr. 280.000
13.	Ýmislegt ófyrirséð		kr. 290.000
			kr. 8.000.000

Pingskjal nr. 15 frá stjórn L.H.

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið að Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að taka upp tímabundið lyfjaeftirlitsgjald. Skal gjaldið vera kr. 100 á félagsmann 17-69 ára og kr. 50 á félagsmann 16 ára og yngri. Gjaldið verði innheimt með félagsgjöldum til L.H. fyrri hluta þ.e. 15. maí 1995.*

Greinargerð:

Ljóst er að verulegur kostnaður verður því samfara að taka upp lyfjapróf og lyfjaeftirlit á mótum hestamanna samkvæmt þingskjali þar að lútandi hér á þinginu. Hugsa verður fyrir því að geta greitt þann kostnað. Því er þessi tillaga lögð fram hér á þinginu til samþykktar.

Skoða þarf aðra möguleika til fjármögnunar lyfjaprófa og lyfjaeftirlits og meðan slík athugun fer fram, verður að deila kostnaðinum á félagsmenn í hestamannafélögum.

Áfangaskýrsla skipuritsnefndar.

Kári Arnórsson formaður skipuritsnefndar sem átti að meta kosti þess og galla að sameina LH. og HÍS. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu. Nefndarformaður leggur til að skýrslan verði lögð fyrir allsherjarnefnd til umfjöllunar.

Þá var komið að dagskrárliðnum: **"Mótahald í nútíð og framtíð"**.

Framsögumenn: Guðmundur Jónsson, Pétur Behrens og Hjalti Jón Sveinsson.

Guðmundur Jónsson formaður LH opnaði umræðuna. Fjallaði hann um mótahald í fortíð og nútíð. Mótum má skipta í nokkra meginflokka, þ.e. gæðingakeppni og kappreiðar sem eru ýmist haldin undir merkjum félaganna/félagsmót eða stærri mót af ýmsu tagi t.d. landsmót eða fjórðungsmót. Að auki standa íþróttadeildir fyrir íþróttamótum. Rakti formaður sögu mótahalda allitarlega og viðraði skoðanir sínar um framtíðarhugmyndir. Ræddi hann um markvissa markaðssetningu og nauðsyn þess að yfir þeim sé ákveðin reisn. Taldi formaður einsýnt að mótahald og mannvirkjagerð yrði áfram sem undanfarið, unnið að mestu í sjálfbæravinnu. Virkja þyrfti fjölmiðla á jákvæðari hátt og endurskoða þyrfti ýmislegt t.d. aðgöngumiðasölu og aðgengi að mótssvæði. Rétt væri að menn skoði með opnum huga hugmyndir að breytingum sem gætu skapað léttara yfirbragð - þó með þeim hætti að andi landsmóta héldist áfram.

Pétur Behrens tók næstur til máls. Honum varð tíðrætt um glæsilegt landsmót á Gaddstaðflötum 1994. Hvað vel var gert eins og t.d. í sambandi við fjölmiðlun á íslensku og á erlendum tungumálum, en betur mætti gera t.d. í sambandi við markaðsetningu. Þá taldi Pétur rétt að fagmenn skipuðu hvert pláss í starfsliði landsmóta/fjórðungsmóta. Fjölmargin jákvætt taldi Pétur upp en ýmislegt mætti betur gera, hafa þyrfti t.d. eftirlitsmenn utan vallar sem fylgdist með fóta-, beisla- og öðrum búnaði og hvernig knapar hita upp hesta sína. Þá nefndi hann andvaraleysi okkar í sambandi við smíðaðu. Auka þyrfti fræðslu fyrir erlenda gesti og jákvætt væri að íslenskir hestamenn byðu erlendum hestavinum heim til sín, þó ekki væri nema eina dagstund. Pétur taldi og merkilegt að íslenski hesturinn þyrfti að sýna það að hann gæti stökkið yfir heybagga áður en hestamennska var viðurkennd íþrótt - gæðingakeppni væri víst þjóðleg hefð eins og t.d. réttarböll.

Kynning á landsmótum erlendis þyrfti að byrja a.m.k. tveim árum fyrir mót.

Hjalti Jón Sveinsson taldi ekki ástæðu til að fara að fjölga landsmótum og einnig að til væru margir staðir sem gætu borið gott landsmót. Þetta þarf að skoða með opnum huga og vísaði Hjalti til flutnings frá Skógarhólum. Nú eru uppi margar raddir um að flytja allt landsmótshald á Rangárbakka og það Hjalti fulltrúa að athuga að bæði svæði Fáks í Víðidal og svæði Léttis séu fyllilega búin til að halda landsmót og ættu þessir staðir Gaddstaðaflatir, Víðidalur, Melgerðismelar og Vindheimamelar allir að skipta mótum á milli sín. Hjalti taldi að Eyfirðingar muni sækja fast að fá að halda næsta landsmót. Líklegt er að fyrirkomulag landsmóta breytist á næstu árum og þau gerð léttari og skemmtilegri. Í dag er ákveðin stór kjarni sem sækir mótin en margir hestamanna sitja heima og er það umhugsunarvert. Hjalti taldi eftir reynslu sína af fjórðungsmótum í Víðidal að sá staður sé jafnvel besti mótstaður á landinu og taldi hann að rökin um rómantískt kvöld og fallegt tjaldbúðarlíf hafi beðið mikla hnekki.

Að loknum framsöguerindum var orðið gefið laust.

Haraldi Þórarinssyni varð tíðrætt um kostnað sem fylgir uppbyggingu mótssvæða fyrir landsmót og taldi hann ekki rétt að fjölga stöðum og rýra þannig möguleika núverandi landsmótsstaða til að greiða sig niður.

Sveinbjörn Eyjólfsson taldi að ekki mætti útiloka Reykjavík sem framtíðarsvæði fyrir landsmót, en við almenn félagsmót ætti að halda kostnaði í lágmarki og gleði í hámarki.

Porkell Bjarnason sagðist sakna fastmótaðra tillagna um mótahald og kvaðst hafa átt von á meiri áhuga um þetta mál. Porkell telur að á sínum tíma hafi það verið röng ákvörðun að flytja mótið frá Þingvöllum, en miðað við aðstöðu í dag og almennum áhuga á hestum og hrossarækt, sé rétt að gera öllum jafnt undir höfði hvað staðsetningu landsmóts varðar. Ljóst sé að gera þurfi lágmarkskröfur og af því leiðir að ekki er öllum fært að halda slík mót.

Gert kaffihlé kl. 15.35.

Kl. 16.25 var fundi framhaldið eftir kaffihlé. Almennar umræður, framhald.

Fyrstur bað um orðið **Jón Guðmundsson**, Reykjum. Hann ræddi um mótahaldið og taldi hann að endurskoða þyrfti þá sjálfböðavinnu sem fram fer í tengslum við landsmótin og e.t.v. væri umfangið orðið það mikið að stofna þyrfti sérstakt fyriræki sem hefði umsjón með öllum framkvæmdum á lands- og fjórðungsmótum.

Sigbjörn Björnsson ræddi um þann mikla fjölda móta sem haldin væru á vegum hestamannafélaganna og íþróttadeildanna. E.t.v. væri þessi fjöldi ein helsta ástæða minnkandi aðsóknar á félagsmótum. Þá skoraði Sigbjörn á norðanmenn að koma sér saman um næsta landsmótsstað sem fyrst.

Kári Arnórsson ræddi um inntak hestamannamóta, e.t.v. ætti að fækka mótunum niður í 6 á hverju ári. Þá reifaði hann þá hugmynd að þeir sem hafa hag af þeim markaðssetningum sem hestamannamótin óumdeilanlega eru, taki meiri þátt í kostnaði af þeim, t.d. Félag hrossabænda og aðilar í ferðaþjónustu.

Guðlaug Hermannsdóttir spurði Sigbjörn Björnsson hver heimavinnan væri sem Norðlendingar ættu eftir að vinna. Þá lýsti Guðlaug kynningarstarfi sem íþróttadeild Létis hefur verið með fyrir ferðamenn.

Sigbjörn Björnsson áréttaði að heimavinnan lægi í því að félögin Norðanlands þyrftu að koma sér saman um landsmótssað.

Vegna heimavinnu Guðlaugar Hermannsdóttur:

Verkefnið hún vinnur sitt
og vill því engu gleyma.
Ekkert nema aðeins hitt
á að gera heima.

Eyjólfur Ísólfsson taldi að byrja þyrfti að skilgreina tilgang mótanna. Taldi Eyjólfur að það væri gott að hér væri keppni miðuð við bestu hrossin og bestu knapa. Taldi hann að útvíkka þyrfti keppnisfyrirkomulagið fyrir hinn almenna hestamann en til þess að það sé hægt verður að fækka mótunum í núverandi mynd. Hann áleit að það þyrfti að sameina keppni í íþrótt- og gæðingakeppni svo unnt væri að fækka mótunum eins og full þörf er á.

Hjalti Jón Sveinsson sagði að áhugamál hestamanna væru margvísleg og þar af leiðandi væri það e.t.v. aðalástæðan fyrir því hve mótin eru illa sótt, sumir hafa helst áhuga á ferðalögum og kæra sig kollótta um hvernig mótin eru.

Þorsteinn Egilsson taldi að landsmótin væru orðin ofhlaðin, þau þyrftu að vera oftar og umfangsminni og einnig þyrftu þau að vera á fleiri stöðum. Því næst ræddi Þorsteinn um að gleðilegt væri að LH væri farið að standa að fleiru en mótahaldi, t.d. kortlagningu reiðvega o.fl. Hann vildi skerpa muninn á gæðinga- og íþróttakeppni eða slíta í sundur íþrótt- og gæðingakeppni og afbotna gæðingana eins og hann orðaði það, þ.e. í gæðingakeppni,

Trausti Þór Guðmundsson tók undir hugmyndir Eyjólfssonar um hæfnisskipt keppnisfyrirkomulag og hraðvirkari forkeppni í gæðingakeppni.

Guðmundur Jónsson ræddi um að athuga þyrfti viðhorf þeirra hestamanna sem ekki koma á hestamannamót, til hestamennsku. Hann ræddi um þátttöku hagsmunasamtaka í mótahaldi. Þá hvatti Guðmundur menn til að prófa nýjungar í keppnisfyrirkomulagi. Að lokum þakkaði hann fyrir góðar og málefnalegar umræður.

Um kl. 17.20 var umræðum lokið og gengið til nefndarstarfa.

Laugardagur 29. október, kl. 10.00. Þingfundur hefst. Nefndir skila álit.

Þingforseti Fannar Jónasson setti fundinn og bauð fulltrúum að ganga í salinn.

Gerð grein fyrir störfum nefnda.

Allsherjarnefnd.

Hallgrímur Jónasson gerði grein fyrir störfum allsherjarnefndar. Þessi þingskjöl lágu til afgreiðslu: nr. 6, 7, og 8. Umræður urðu líflegar. Kári Arnórsson gerði grein fyrir störfum skipuritsnefndar LH. og HÍS. Hallgrímur mælti fyrir að tillögu nr. 6 yrði vísað frá. Frávísun samþykkt með þorra greiddra atkvæði. Tekin var tillaga nr. 30

sem er viðbót. Engar umræður urðu og tillagan samþykkt samhljóða og er hún svohljóðandi:

"45. ársþing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að beina því til stjórnar L.H. að fram fari skoðun á mótahaldi innan L.H. meðal annars með fjölda landsmóta í huga*".

Þingskjal nr. 7. Tillagan borin upp, engar umræður urðu og var hún samþykkt samhljóða. Orðið gefið laust um þingskjal nr. 8 með viðbót. Engar umræður urðu og var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Þingskjalið hljóðar svo með viðbót:

"45. ársþing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar L.H. að hún beiti sér fyrir bættu upplýsingakerfi varðandi breytingar á lögum og reglum L.H. sem samþykktar eru. Dómurum og mótshöldurum er skylt að vera með nýjustu reglur sem í gildi eru á hverjum tíma*". Orðið gefið laust um þingskjal nr. 29, engar umræður og tillagan samþykkt samhljóða. Þingskjal nr. 29 er svohljóðandi:

"45. ársþing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *þakkar þá vinnu sem fram kemur í áfangaskýrslu skipuritsnefndar. Þingið telur rétt að þessari vinnu sé fram haldið og nánari útfærsla sé send hestamannafélögunum fyrir áramót. Boðað verði síðan til formannafundar á útmánuðum og þar tekin ákvörðun um framkvæmd málsins*".

Ferða- og umhverfismálanefnd.

Sveinbjörn Eyjólfsson gerði grein fyrir tillögum ferða- og umhverfismálanefndar. Tekin var upp breytingartillaga við þingskjal nr. 11 og breytingartillaga við þingskjal nr. 12. Hallgrímur Jónasson styður tillöguna og vill hann minna á að mikilvægt er að reiðgötur séu inn á skipulagi. Breytingartillaga nr. 11 borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Breytingartillaga við þingskjal nr. 11 hljóðar svo:

45. ársþing L.H. haldið að Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *fagnar setningu laga nr. 45 / 1994, vegalaga.*

Í þeim lögum má greina meiri skilning Alþingis á gildi reiðvega og viðhorfsbreytingu til fjármögnunar þeirra.

Þá fagnar þingið þeim sameiginlega skilningi Vegagerðar og L.H., á að samhliða vegum með bundnu slitlagi skuli leggja reiðvegi og þeir kostaðir af almennu vegafé. Þennan sameiginlega skilning má nú sjá í verki við reiðvegagerð með Flóttamannavegi og Þjóðvegi 1 við Grafarholt í Reykjavík. Samstarf L.H. og Vegagerðar er nauðsynlegt og raunhæfasta leiðin til að tryggja aukið öryggi hestamanna og annara vegfarenda.

Að endingu beinir þingið því til viðkomandi stjórnvalda að haldið verði áfram vinnu við sérstakar áætlanir um reiðvegagerð og fjármagn verði tryggt til framkvæmda sbr. 17. grein vegalaga.

Breytingartillaga nr. 12 rædd. Kári Arnórsson bar upp breytingartillögu við breytingartillöguna í 3. lið. Þar kæmu orðin "umdæma Vegagerðarinnar" í stað kjördæma. Breytingartillagan samþykkt með öllum atkvæðum. Síðan var breytingartillaga nr. 12 borin öll undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Hún er breytt svohljóðandi:

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli dagana 28. og 29. okt. 1994 *samþykkir að stjórn L.H.:*

1. *beini því til hestamannafélaga að þau leiti eftir samvinnu við landeigendur varðandi umferðarétt um landareignir þeirra.*

2. *hvetji hestamannafélög, hvert á sínu svæði til að ýta á eftir gerð skipulags þar sem réttur reiðgötunnar verði tryggður.*
3. *kynni samstarfsnefndum umdæma Vegagerðarinnar sem fyrst, allar breytingar sem tengjast reiðvegamálum og samræmi vinnubrögð þeirra.*

Fræðslu- og útgáfunefnd.

Sveinn Fjeldsted hafði framsögu um tillögu fræðslu- og útgáfunefndar, þingskjal nr. 28. Ræddi hann um nauðsyn þess að koma upp áfangaskiptu námi í hestamennsku. Þingskjal 28 hljóðar svo:

45. ársþing L.H. haldi á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *felur stjórn L.H. að leita samstarfs við Hólaskóla um samantekt námsefnis og kennslugagna fyrir áfangaskipt nám í hestamennsku, ásamt skilgreiningu á einstökum færnisstigum fyrir unglinga og annað áhugafólk um hestamennsku.*

Greinargerð:

Þar sem Hólaskóli hefur sérhæft sig í kennslu í hestamennsku, og er falið það verkefni af hálfu hins opinbera, er eðlilegt að leita samstarfs við skólann um þessi mikilvægu mál.

Orðið gefið laust.

Sveinbjörn Eyjólfsson fagnaði tillögunni og taldi mjög brýnt að koma þessum málum í gott horf. Benti hann á að tillaga sem samþykkt var í fyrra hefði ekki komist í framkvæmd.

Haraldur Þórarinnsson mælti með tillögunni og benti á að þing LH hefði æ ofan í æ samþykkt álíka tillögur án þess að þeim hefði verið hrint í framkvæmd.

Guðbrandur Kjartansson tók undir mál fyrri ræðumanna og sagðist sem stjórnarmaður LH vera tilbúinn að vinna málinu brautargengi en stjórnin þurfi lengri tíma til verksins. Benti hann á óhemjuvinnu sem farið hefur í t.d. lyfjamálið og skipuritið og hefði þetta mál m.a. tafist af þeim sökum. Taldi Guðbrandur að það væri affarasælla að taka færri mál til meðferðar og vinna þau þeim mun betur.

Þorsteinn Egilsson vill fagna tillögunni og telur ekki mikið mál að samræma efnið sem er til hjá reiðskólum og tamningamönnum. Hann telur að stjórnin ætti að vinna úttekt á stöðu reiðkennslumála á sama hátt og skipuritsnefnd.

Sigurður Þórhallsson sagði frá því að nefnd væri að störfum um málið og kvað hann að töluvert væri til af gögnum og batt vonir við að með uppbyggingu skóla í hestamennsku á Hólum myndi safnast saman efni um þetta mál. Hann nefndi einnig að það vantaði áfangaskiptingu á reiðnámið.

Pétur Jökull taldi að þar sem hið opinbera er að byggja upp á Hólum liggi beinast við að hafa samband við þá.

Hallgrímur Jónasson benti á að unnið hefði verið að þessum málum árum saman og ekki væri hallað á neinn þó að nafn Ingimars Sveinssonar væri nefnt. Hallgrímur óskar eftir því að þingið bendi á þetta brautryðjandastarf Ingimars og að hann héldi áfram að vinna að málinu.

Haraldur Þórarinnsson tók aftur til máls um tillöguna.

Sveinn Fjeldsted tók aftur til máls og ítrekaði að nefndin vildi ekki halla máli neins. Aðalatriðið væri að samþykkja tillöguna. Þingskjal nr. 28 var borið upp og samþykkt.

Keppnisnefnd.

Marteinn Valdimarsson gerði grein fyrir störfum keppnisnefndar. Þessi nefnd var mjög fjölmenn (þriðjungur þingfulltrúa) og sýndist mönnum sitt hvað. Mælti meirihluti nefndarinn fyrir að tillögu samkvæmt þingskjali nr. 17 yrði vísað til millipinganefndar. Orðið gefið laust, engin umræða. Þetta var borið undir atkvæði og samþykkt.

Þingskjal nr. 27 var borið upp og orðið gefið laust um hana. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Lögð var fram frávísunartillaga á þingskjal nr. 18. Atkvæði féllu þannig að 49 samþykktu en 27 voru á móti. Var hún því samþykkt.

Fram kom frávísunartillaga á þingskjal nr. 19 og var hún felld með öllum þorra greiddra atkvæða. Orðið var gefið laust um þingskjal nr. 19.

Haraldur Þórarinnsson kvaddi sér hljóðs og taldi hann nauðsynlegt að ræktunarsambönd yrðu að gerast auka aðilar að LH svo lagagreinin standist lög LH. Þá taldi hann að samþykkja ætti framkomna tillögu samkvæmt þingskjali nr. 19.

Halldór Gunnarsson bar fram breytingartillögu við þingskjal nr. 19 en í henni fólst, að í 1. gr. falli niður orðin ... "*og/eða ræktunarsambands*", en að öðru leyti var 1. gr. óbreytt.

Páll Dagbjartsson lýsti yfir stuðningi við breytingartillögu minnihluta keppnisnefndar og taldi hann að það gæti skaðað félagsandann að heimila hestum ræktunarsambanda þáttöku í félagsmótum.

Skúli Kristjánsson ræddi um að reglur um keppnisfyrirkomulag og þó einkanlega um fótabúnað gæðinga hefðu skapað nokkra ringulreið í gæðingakeppni. Taldi Skúli að gæðingar í keppni yrðu að vera í eigu einstaklinga og það væri óeðlilegt að félög sendu hesta til gæðingakeppni. Skúli taldi að auka þyrfti vald dómnefnda til að vísa knöpum úr keppni fari menn ekki eftir settum reglum.

Porkell Bjarnason tók til máls og taldi hann ræktunarbússýningar hafa þróast en jafnframt að málin væru komin út um víðan völl þegar hestur í eigu félaga og sambanda komi inn í almenna gæðingakeppni. Réttur einstaklingsins verði ekki fyrir borð borinn, því sé réttlætismál að opinberum búum sé haldið frá góðhestakeppnum. Jafnframt taldi hann að kynbótahross ættu síður að taka þátt í gæðingakeppni, þó án þess að það sé bannað. Þó skulu hestar vera í einkaeign. Í lokin fór hann með vísu eftir Sigurð Óskarsson, Krossnesi Skagafirði, í tilefni umræðu um vönn.

Eru fjögur undir mér

eistu dável sprottin.

Af öllu hjarta ég þakka þér

þessa sköpun, Drottinn.

Hrafnkell Guðnason taldi að þessi breyting hefði verið samþykkt til reynslu og vakti hann athygli á reynslu Sleipnis af þessu fyrirkomulagi.

Þar er formaður Hrs. Suðurlands félagi og taldi hann að til að koma fram í nafni hestamannafélags þurfi viðkomandi að vera aðili að félaginu. Ríkisstofnun eða samtök geti aldrei orðið það. Taldi hann það óeðlilegt ef starfsmenn ríkisskóla eru að stunda keppni á kennsluáhöldunum og líkti því við að starfsmaður Rarik væri að keppa í torfæru á jeppa frá Rarik.

Guðlaug Hermannsdóttir telur að grasrótin megi ekki gleymast eða hverjir hafi kosið þingfulltrúa á þetta þing? Lagði hún til að breytingartillaga við þingskjal nr. 19 verði samþykkt.

Gert matarhlé um kl. 12.30.

Framhald umræðna eftir matarhlé. Fundur hófst kl. 13.30.

Kári Arnórsson lýsti yfir stuðningi við breytingartillögu minnihlutans. Þá ræddi hann um að nauðsynlegt væri að skilgreina hugtakið ræktunarsamband betur.

Jón Bjarnason skýrði sjónarmið Hólaskóla varðandi þátttöku hrossa í eigu búðsins í gæðingakeppni og það hve mikilvægt það er fyrir skólann að fá að taka þátt í starfi samtaka hestamanna. Þá þakkaði hann fyrir tillögu fræðslunefndar og það traust sem hún sýndi Hólaskóla.

Sveinbjörn Eyjólfsson tók næstur til máls og minnti á ummæli Páls Dagbjartssonar varðandi þátttöku Hólamanna í sýningum á vegum LH. Hann varaði við að samþykkja án umræðna. Hann ber fram þá tillögu að menn skyldu skoða sinn hug vel og hinkra við að samþykkja tillögu í flýti til þess eins að fella þær örfáum árum seinna. Auk þess fjallaði hann um keppnisrétt stóðhesta og taldi rétt að skoða málin fram á næsta haust og setja þá góðar reglur.

Eyjólfur Ísólfsson taldi að tryggja þyrfti að bestu hestarnir kæmu á sýningar og kappsmál allra að mótin væru sem best úr garði gerð. Hann taldi óþarfa að breyta samþykktinni frá 43. ársþingi á Flúðum. Einnig benti hann á að útlendingar ættu orðið hesta hér á landi og væru þeir jafnvel skráðir á nafn annarra. Hann tók undir orð Sveinbjörns Eyjólfssonar. Öll höft og bönn hindra samkeppni og þróun hestamennskunnar almennt, taldi hann. Endurskoða bæri lög LH og finna leið sem allir gætu sætt sig við. Hann beindi því til LH að skipa nefnd sem fjallaði á breiðum grundvelli um þessi mál.

Porkell Bjarnason lýsti ánægju sinni með ræðu Sveinbjörns Eyjólfssonar. Hann ræddi um hvort etv. ætti að skapa nýjan keppnisramma fyrir stóðhesta. Hann ræddi um þyngingar graðhesta og taldi þær vera til mikils skaða. Hann vill láta banna allar þyngingar og ríða bara eðlilega eins og gert var í gamla daga. Varðandi þyngingar graðhesta nefndi hann nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Jón Vilmundarson þakkaði góða umræðu á þinginu en taldi margar tillögur vera hriplekar og þyrfti því að ræða tillögurnar vandlega áður en þær verða samþykktar sem reglur.

Haraldur Þórarinnsson ítrekaði þá skoðun sína að reglurnar stæðust ekki reglur LH og hvatti hann þingfulltrúa til að styðja tillögu stjórnar LH.

Lögð var fram tillaga frá Sveinbirni Eyjólfssyni sem hljóðar svo:

45. ársþing LH haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 *samþykkir að vísa tillögum stjórnar LH um keppnisrétt hrossabúa og ræktunarsambanda sbr. þingskjal nr. 19, til millipinganefndar er fjallar um keppnisreglur.*

Gerði Sveinbjörn athugasemd við þingsköp og taldi hann að tillögu sína ætti að bera fyrst upp. Þingforsetar féllust ekki á þetta sjónarmið þar sem tillagan fól ekki í sér lagabreytingu. Borið var upp þingskjal nr. 19. Tillagan var felld með meginþorra atkvæða. Borin var upp tillaga minnihluta keppnisnefndar, breytingartillaga við þingskjal nr. 19. Tillagan var felld með 55 atkvæðum gegn 47. Þá var borin upp tillaga Sveinbjörns Eyjólfssonar um að vísa málinu til millipinganefndar (sjá tillögu hér að framan). Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var borið upp þingskjal nr. 20 um þáttökurétt stóðhesta. Orðið var gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Gengið var til atkvæða og var tillagan felld með þorra atkvæða.

Þingskjal nr. 22 um járningar var næst. Engin umræða varð og samþykkt samhljóða að vísa málinu til millipinganefndar skv. þingskjali nr. 23.

Fram kom breytingartillaga frá keppnisnefnd um þingskjal nr. 23. Er hún svohljóðandi:

"45. árþsing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir að beina því til keppnisnefndar að endurskoða reglur um gæðingakeppni á þann veg að takmarkað sé í hve mörgum keppnisgreinum hver hestur má taka þátt í á lands- og fjórðungsmótum".

Þorsteinn Egilsson gerði þá athugasemd við tillöguna að þetta heyrði frekar undir mótahald almennt. Ekki voru frekari umræður, tillagan borin upp og samþykkt.

Þingskjal nr. 21 og 25 um reiðhjálma. Fram kom breytingartillaga frá keppnisnefnd og orðið gefið laust. Hún hljóðar svo:

"45. árþsing L.H. á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994 samþykkir viðbót við reglur L.H. Í reglugerð um gæðingakeppni I. kafla 2.1.2. 7. gr. komi eftirfarandi viðbót við niðurlag greinarinnar. Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálma. Missi knapi reiðhjálma af höfði í keppni skal honum vísað frá.

Í reglugerð um barna- og unglingakeppni 3.1.1. komi eftirfarandi viðbót á eftir orðinu "reiðhjálma" og skal hann vera tryggilega festur með hókubandi. Missi knapi reiðhjálma af höfði í keppni skal honum vísað frá".

Pétur Jökull taldi að einnig þyrfti að spenna hjálmana á fullorðnu knöpunum. Þingforseti benti á að Pétur skyldi koma með skriflega breytingartillögu. Hún kom og hljóðaði þá tillagan öll svona:

45. árþsing LH haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir viðbót við reglur LH. Í reglugerð um gæðingakeppni I. kafla 2.1.2. 7. gr. komi eftirfarandi viðbót við niðurlag greinarinnar: Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálma og skal hann vera tryggilega festur með hókubandi. Missi knapi reiðhjálma af höfði í keppni skal honum vísað frá.

Marteinn Valdimarsson bar fram breytingatillögu við 21. og 25. þingskjal og koma þar orðin fær hann ekki dóm eða sæti í úrslitakeppni í stað orðanna skal honum vísað frá.

Hrafnkell Guðnason talaði um öryggisgildi reiðhjálma. Hann taldi breytingatillöguna af hinu góða. Honum fannst að ekki ættu að gilda sömu lög fyrir börn og fullorðna. Hann hvatti til samþykktar breytingartillögunni.

Kári Arnórsson tók þar næst til máls og kvaðst vera algerlega ósammála síðasta ræðumanni. Sömu reglur ættu að gilda fyrir alla og sagðist hann taka undir tillögu Péturs Jökuls.

Þorsteinn Eypórsson lýsti yfir stuðningi við breytingartillögu og eftir viðræður við þingforseta ákvað Þorsteinn að draga sína breytingartillögu til baka þar sem báðar breytingatillögurnar gengju í sömu átt.

Gengið til atkvæða um breytingartillögur Péturs og Marteins og báðar samþykktar með meginþorra atkvæða.

Breytingartillagan sem samþykkt var er svohljóðandi eftir allar breytingar:

"45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir viðbót við reglur L.H.:

Í reglugerð um gæðingakeppni I. kafla 2.1.2. 7. gr. komi eftirfarandi viðbót við niðurlag greinarinnar. Í gæðingakeppni er knapa skylt að bera reiðhjálms og skal hann vera tryggilega festur með hökubandi. Missi knapi reiðhjálms af höfði í keppni fær hann ekki dóm eða sæti í úrslitakeppni".

Í reglugerð um barna- og unglingakeppni 3.1.1. 1. gr. komi eftirfarandi viðbót á eftir orðinu "reiðhjálms" og skal hann vera tryggilega festur með hökubandi. Missi knapi reiðhjálms af höfði í keppni fær hann ekki dóm eða sæti í úrslitakeppni.

Þingskjal nr. 26 var næst tekið fyrir. Engin umræða varð um tillöguna, hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kynbótanefnd.

Árni Jóhannsson gerði grein fyrir störfum kynbótanefndar. Breytingatillaga við þingskjal nr. 9 var kynnt. Þingskjöl nr. 10, 31 og 32 voru kynnt.

Orðið gefið frjálst um breytingartillögu við þingskjal nr. 9.

Breytingartillagan hljóðar svo:

45. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *beinir þeim tilmælum til Búnaðarfélags Íslands - Hrossaræktarnefndar - að það verði skoðað, hvort ástæða sé til að setja reglur um hve oft hross mega koma fram í sýningum á lands- og fjórðungsmótum. Einnig verði það skoðað að kynbótadómum sé lokið eftir yfirlitssýningu á sömu mótum.*

Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða. Orðið var gefið laust um þingskjal nr. 10.

Guðbrandur Kjartansson kvað Búnaðarfélag Íslands þegar farið að ræða lyfjamál og taldi hann greinargerðina óþarfa. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

Þingskjal nr. 31.

"45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *skorar á Búnaðarfélag Íslands að útgáfu Hrossaræktarinnar verði hraðað svo að kynbótamat undaneldishrossa geti komið að tilskyldum notum. Æskilegt er að kynbótamatið liggi fyrir eigi síðar en mánuði eftir að síðustu sýningu sumarsins lýkur.*"

Enginn kvað sér hljóðs og var tillagan því borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 32.

Vegna fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis á vegu Hólaskóla og yfirdýralæknis og fleiri aðila á spatti samþykkir ársþingið eftirfarandi ályktun:

"45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 *styður fyrirhugaðar rannsóknir á spatti í íslenskum hrossum og hvetur hestamenn til að leggja sitt af mörkum til að framkvæmdin gangi vel fyrir sig.*"

Orðið var gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls og tillagan samþykkt samhljóða.

Laganefnd.

Garðar Lárusson formaður laganefndar gerði grein fyrir tillögum sem vísað hafði verið til nefndarinnar. Þessar tillögur voru á þingskjölum nr. 4 og 5.

Þingskjal nr. 4 var nú lesið upp og orðið gefið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5 var lesið upp og orðið gefið laust um tillöguna.

Ragnheiður Þorgrímsdóttir studdi þessa tillögu og nefndi hún dæmi máli sínu til stuðnings. Hún vildi þó koma með viðbót við þingskjal nr. 5 og hljóðar viðbótin svo:

Drög að þessari reglugerð verði lögð fyrir 46. ársþing LH.

Sveinbjörn Eyjólfsson sagðist ekki skilja tilgang tillögunnar. Hann sagði að hestaþrótt- og hestamannafélögin væru aðskilin félög með sínar reglur. Hann taldi að draga ætti tillöguna til baka.

Kári Arnórsson studdi framkomna tillögu.

Breytingatillagan samþykkt og síðan var tillagan í heild sinni samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5 hljóðar því svo með viðbót:

"45. ársþing LH. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir að skora á stjórn LH., að beita sér fyrir því í samvinnu við stjórn HÍS að samin verði ein reglugerð um agamál sem gildi fyrir bæði samtökin. Gerist félagsmaður brotlegur gilda viðurlög hjá báðum samtökunum. Drög að þessari reglugerð verði lögð fyrir 46. ársþing LH."

Lyfjanefnd.

Framsögumaður lyfjanefndar **Kristján Auðunsson** tók næstur til máls og ræddi og kynnti tillögur lyfjanefndar. Þingskjöl nr. 13 og 14 komu breytt frá nefndinni. Hann kvað umræður í lyfjanefnd hafa verið málefnalegar. Breytingartillaga við þingskjal nr. 13 kynnt.

Breyting verður á formála reglugerðar LH. um lyfjaeftirlit en önnur setning málsgreinarinnar breytist þannig að á eftir orðunum *...14 dögum fyrir*, kemur: *upphafsdag keppni eða sýningar*. Hljóðar þá setningin svo: *Reglugerðin tekur til hrossa sem taka þátt í keppni eða sýningum hverskonar og gildir fyrir þau 14 dögum fyrir upphafsdag keppni eða sýningar*.

Einnig verður breyting á 4. gr. í fyrstu setningu greinarinnar á eftir orðunum *...14 dögum fyrir* kemur: *upphafsdag móts eða sýningar eða síðar*, en annað í greininni heldur sér.

Á eftir orðunum *...að loknum úrslitum* í 7. grein komi: *Þeim númerum sem afgangs eru við hvern útdrátt skal eytt strax*.

Nefndin taldi að vísa ætti þingskjali nr. 16 frá, vegna þess að tillagan væri áður komin fram í breytingartillögu við þingskjal nr. 13.

Þingskjal nr. 13 með áorðnum breytingum upplestið af þingforseta. Orðið gefið laust um tillöguna.

Kristmundur Halldórsson tók fyrstur til máls. Hann kom með þá fyrirspurn til nefndarmanna af hverju breytingartillögurnar væru til komnar. Hann þakkaði lyfjanefndinni vel unnin störf.

Kristján Auðunsson útskýrði í hverju breytingarnar væru fólgnar, þ.e. varðandi breytingartillögurnar.

Þorvaldur Ágústsson kom með fyrirspurn um 5. grein þar sem heimilt er að gefa vítamín og steinefni en ekki með sprautu. Hann spurði af hverju þetta væri.

Guðbrandur Kjartansson sagði að ástæðan væri sprautuhræðsla. Sprautur eiga ekki að vera inni á keppnisvæðum og er það varúðarráðstöfun. Ræddi hann einnig um ýmis tæknileg atriði sem snerta lyfjagjöf og reglur þar að lútandi. Taldi hann að ef samþykktar væru reglur um þetta þá væri þörf á útgáfu bæklinga um þessi mál.

Tillagan að reglugerð um lyfjaeftirlit skv. þingskjal nr. 13 samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 14. Orðið gefið laust en engar umræður urðu svo tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Breyting á þingskjal nr. 14 er eftirfarandi: Í 1. málsgrein 5. gr. um gæðingakeppni þar sem setning byrjar á; *Hver sá sem ...* fellur út en í stað kemur: *Knapi sem...* o.s.frv. Og orðin í sömu setningu "**og hrossa sinna**" falla út.

Borin var upp frávísunartillaga við þingskjal nr. 16 og var hún samþykkt samhljóða.

Gert kaffihlé.

Pingfundi fram haldið eftir kaffihlé.

Æskulýðsnefnd.

Þorvaldur Ágústsson mælti fyrir hönd æskulýðsnefndar og taldi hana hafa starfað af miklum krafti. Framsögumaður upplýsti að kennsluefni samið af Rosmarie Þorleifsdóttur og Eyðisi Indriðadóttur væri tilbúið til kennslu í grunnskólum landsins. Beindi hann því til þingfulltrúa að þeir segðu grunnskólayfirvöldum í sínu héraði frá því. Umræður voru afar líflegar í nefndinni og rætt var um ýmis atriði svo sem ásetu o.fl. Tvær tillögur lágu fyrir nefndinni, nr. 24 og 25. Tillaga nr. 25 hefur þegar verið samþykkt af keppnisnefnd. Þingskjal 24. Breytingatillaga var lögð fram. Hún hljóðar svo:

45. ársþing L.H. haldið á Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994 samþykkir eftirfarandi breytingu á 7. gr. reglna um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta.

7. grein í gildandi reglugerð hljóðar svo:

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í unglingkeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum L.H. um gæðinga- og unglingakeppnir. Þó skal stjórnnum viðkomandi hestamannafélaga heimilt að láta fara fram tvær umferðir í úrtökukeppni og skal þá hærri einkunn ráða. Ekki er unglingi heimilt að mæta með fleiri en eitt hross til úrtöku á lands- eða fjórðungsmót. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á lands- eða fjórðungsmót-en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.

Lagt er til að fella út setninguna "*Ekki er unglingi heimilt að mæta með fleiri en eitt hross til úrtöku á lands- eða fjórðungsmót*". Í hennar stað kemur:

Börnum og unglingum er heimilt að mæta með tvö hross til úrtöku fyrir landsfjórðungs- og stórmót. Komi þau báðum hestunum inn á mótið, verður hesturinn með lægri einkunn 1. varahestur og getur þá knapinn keppt á honum falli hans hestur út. Falli annar hestur úr keppni skal 2. varahestur koma inn.

Orðið var gefið laust.

Sigrún Sigurðardóttir benti á að fjárhagsaðstæður ættu ekki að ráða, það væri ekkert réttlæti að sum börn gætu komið með tvo hesta vegna þess að fjárhagsaðstæður væru betri. Sigrún óskaði eftir því að tillögunni yrði vísað til millipinganefndar. Þingskjal nr. 24 borið upp og felld með þorra greiddra atkvæða.

Fjárhagsnefnd.

Grettir B. Guðmundsson formaður skýrði frá störfum nefndarinnar. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 3 og 15. Nefndin leggur til að þingskjal nr. 15 verði hafnað og gjaldkera falið að finna sparnað sem mætt getur auknum kostnaði við lyfjaeftirlit. Orðið var gefið laust um tillögu nr. 15 og hvaða áhrif það hefur á fjárhagsáætlun LH.

Þorsteinn Egilsson ræddi um þingskjal nr. 15 og fannst í fyrstu að það væri ekki rétta leiðin að láta hinn almenna félagsmann standa straum af lyfjaprófum. Tillögur hans eru að annaðhvort þátttakendur greiði visst gjald eða þá að þeir sem brotlegir gerast greiði sekt.

Sveinbjörn Eyjólfsson tekur undir með fjárhagsnefnd um að fella tillöguna en vill þó hæla stjórn fyrir þessa tillögu þar sem hún tekur á kostnaðaráhrifum. Jafnframt bar Sveinbjörn upp svohljóðandi tillögu:

45. ársþing LH, haldið á Hvolsvelli 28. og 29. október 1994, samþykkir að öllum tillögum sem lagðar eru fyrir landsþing fylgi greinargerð um kostnaðaráhrif.

Greinargerð:

Hluti tillagna sem samþykktar hafa verið hér á þinginu fela í sér veruleg fjárhagsútlát. Í fæstum tilvikum er gerð grein fyrir hver á að greiða og hvaðan fjármagnið á að koma.

Tillaga nr. 15 var borin undir atkvæði og felld með meginþorra atkvæða.

Forseti vísaði tillögu Sveinbjörns frá þar sem hún er sjálfstæð tillaga og ekki í sambandi við þau mál sem fjallað eru um á þinginu og til að vera lögleg hefði hún þurft að berast þinginu með löglegum fyrirvara skv. 9. gr. laga LH en gaf þó flutningsmanni tækifæri til að bera hana upp sem ábendingu til þingsins.

Næst var umræða um þingskjal nr. 3 sem er tillaga að fjárhagsáætlun.

Hallgrímur Jónasson beinir þeirri fyrirspurn til LH hvað geti leitt til 750 þúsund króna sparnaðarleiðar vegna lyfjaeftirlits.

Sigfús Guðmundsson gjaldkeri LH taldi að stjórnin yrði að afla þess fjár, en var ekki tilbúinn til að greina nánar frá því í bili, þar sem tillaga stjórnar um tímabundna gjaldtöku vegna lyfjaeftirlits hefði verið felld.

Marteinn Valdimarsson telur óábyrgt af þingfulltrúum að afgreiða tillögu um lyfjaeftirlit og fella jafnframt tillögu sem lýtur að fjármögnun hennar og telur að betur þurfi að ganga frá fjármögnun lyfjaeftirlitskostnaðar í fjárhagsáætlun og beinir því til þingsins að afgreiða fjárhagsáætlun á ábyrgari hátt.

Sigfús Guðmundsson tók aftur til máls og fagnaði því að a.m.k. sumir þingfulltrúar hefðu skilning á því að ekki væri forsvaranlegt að samþykkja tillögur sem hefðu í för með sér aukin fjárútlát án þess að vera tilbúnir að því fylgdi aukagjald, eins og þorri þingfulltrúa virðist halda. Svaraði hann fyrirspurn um húsaleigu- og skrifstofukostnað ásamt fl.

Birgir Rafn Gunnarsson taldi að kostnaði við lyfjaeftirlit væri hægt að mæta á sama hátt og t.d. kostnað við reiðvegavinnu og nefndi ýmsa aðra liði sem væri hægt að skera niður til að mæta þessum kostnaði.

Páll Dagbjartsson vildi halda sér við sömu upphæð og verið hafði en féllst á hækkun til að fjármagna ýmsar leiðir í lyfjaeftirliti. Taldi hann kostnað við endurskoðun umtalsverðan. Rétt sér að beita aðhaldi í sem flestum greinum.

Stefán Pálsson sagði að þingið gæti ekki skilið svo við að stjórnin sitji eftir með þetta í fanginu án þess að hafa leiðir til að mæta því. Hann leggur því til að *árgjald hækki úr 500 kr. í 525 kr. og 1000 kr. í 1050 kr.*

Breytingatillaga Stefáns var borin upp og felld með þorra atkvæða. Þingskjal nr. 3 um fjárhagsáætlun var því næst borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fannar Jónasson þingforseti afhenti **Eggert Pálssyni þingforseta** stjórn fundarins sem tók við og þakkaði Fannari vel unnin störf.

Næsta mál á dagskrá var kosning formanns LH. Aðeins ein tilnefning barst þ.e. Guðmundur Jónsson núverandi formaður LH.

Því næst var gengið til dagskrárliðarins: "Önnur mál".

Páll Dagbjartsson ræddi um val á landsmótsstað. Taldi hann það rétt að stjórn LH gangi sem fyrst í það mál. Það væri ekki á færi annarra.

Kári Arnórsson sagði í tilefni orða Guðlaugar í gær um gott samstarf Skagfirðinga og Eyfirðinga:

Allt hef ég borið undir þá
elsku vini í Skagafirði
og þeir hafa svalað minni þrá
og það finnst mér vera nokkurs virði.

Guðbrandur Kjartansson ræddi á léttum nótum um "hormónamál" og upplýsti það að víða erlendis væru tveir flokkar, annar fyrir graðhesta og hinn fyrir geldinga. Stóðhestar standa betur að vígi að því að talið er. Ef til vill væri íslenski hesturinn öðruvísi en önnur hestakyn, en þó efaðist hann um það.

Guðlaug Hermannsdóttir fagnaði upplýsingum Guðbrandar um "hormónamálið" og taldi þær vera í samræmi við hugmyndir sínar. Þá nefndi hún að e.t.v. hefði samvinna Eyfirðinga og Skagfirðinga ekki verið eins náin og vísa Kára bar með sér. Þá taldi hún að heimavinna stjórnar LH væri að ákveða landsmótsstað.

Tryggvi Jónsson kom í pontu og sagði brandara um veðurglögga meri í Svíþjóð.

Talning atkvæða í formannskjöri. Atkvæði féllu svo:

Guðmundur Jónsson 119 atkv.

Marteinn Valdimarsson 1 atkv.

Ársæll Gunnarsson 1 atkv.

Atkvæðisrétt höfðu 122.

Guðmundur Jónsson nýkjörinn formaður LH þakkaði glæsilega kosningu. Fagnaði hann því að vera nú "löglega" kjörinn formaður en hingað til hefur hann verið kjörinn með lófaklappi. Einsýnt væri að stjórn LH myndi fara að vinna "heimavinnuna" sína í vetur þ.e. að taka ákvörðun um landsmótsstað.

Kári Arnórsson kastaði fram þessum vísum í sambandi við samvinnumál Eyfirðinga (Guðlaugar) og Skagfirðinga.

Áður en þinggestir halda heim
held ég sé rétt að ég sannleikann virði.
Hún átti ekki allt sem ég sendi þeim
elskulegu í Skagafirði.

Vegna óbeitar Þorsteins Egilssonar á hringreið o.fl.

Ég nenni ekki að ríða hring eftir hring
hringinn í kring um Þingeying.
Ef einhver vill dæma er ég syngjandi syng
þá syng ég mig inn í nýjan hring.

Birgir R. Gunnarsson þakkaði fyrir allan undirbúning og viðurgjörning. Þingheimur hyllti stjórn LH og framkvæmdaaðila fyrir þryðilegt þing og skemmtilegt.

Kári Arnórsson létti þingfulltrúum lund með kostulegum sögum af mönnum og málleysingjum.

Kosning meðstjórnenda.

Úr stjórn áttu að ganga Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson og Kristmundur Halldórsson. Atkvæði féllu þannig:

Halldór Gunnarsson	93
Kristmundur Halldórsson	92
Jón Bergsson	85

og hlutu þeir kosningu sem meðstjórnendur, önnur atkvæði dreifðust þannig:

Kristján Auðunsson	13
Marteinn Valdimarsson	10
Sigurgeir Bárðarson	7
Sveinbjörn Eyjólfsen	5

Kosning endurskoðenda

Uppástunga kom um Gísla B. Björnsson og Þorvald Þorvaldsson og voru þeir kjörnir með lófataki.

Sigurþór Gíslason og Halldór Gunnarsson voru kjörnir varaendurskoðendur með lófataki.

Kosning varastjórnar

Úr stjórn áttu að ganga:
 Marteinn Valdimarsson
 Ágúst Oddsson
 Sigurgeir Bárðarson
 Stefán Erlingsson
 Kristján Auðunsson

Stefán Erlingsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Kosning fór þannig:

Marteinn Valdimarsson	89 atkv.
Kristján Auðunsson	84 atkv.
Ágúst Oddsson	83 atkv.
Sigurgeir Bárðarson	76 atkv.
Kolbrún Kristjánsdóttir	71 atkv.

Aðrir fengu færri atkvæði.

Þingslit.

Guðmundur Jónsson formaður tók til máls og ávarpaði þingheim. Hann þakkaði góðar móttökur og góða aðstöðu við þinghaldið. Hann þakkaði jafnframt vel unnin störf á þinginu og tilkynnti að næsta þing yrði haldið í boði hestamannafélagsins Andvara í Garðabæ. Hann þakkaði þingforsetum og riturum góð störf og sleit þinginu.